SAMÚEL DRENGSSON

*Naut þess að vera með fjölskyldunni á Tenerife*

• ferðir • bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

*Fagnar frelsi Barrys George*

Alltaf sannfærður um sakleysi hans

FÓLK 30



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

6. ágúst 2008 — 211. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Grafið og gróðursett í 60 ár

Dagbjört Óskarsdóttir leitar gamalla ljósmynda úr Skólagörðum Reykjavíkurborgar af tilefni afmælis þeirra.



TÍMAMÓT 16

### Sama hvar þú ert



Endurbætt lag Páls Óskars frá 1993 mun óma vítt og breitt um helgina enda óopinbert lag Gay Pride-hátíðarinnar í ár.

FÓLK 22

### Gay-Quiz á Grand Rokk

Draggdrottningar taka völdin í næstu spurningakeppni á Grand Rokk.

FÓLK 30

### FH styrkti sig ekki

FH var eina liðið sem bætti ekki við sig liðsstyrk í leikmannaglugganum í júlí en það missti aftur á móti þrjá leikmenn.



ÍÞRÓTTIR 27

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR VINDUR** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum og hætt við síðdegisskúrum sunnan og vestan til. Hiti 10-15 stig, hlýjast til landsins syðst.

VEÐUR 4

# Málshöfðun gæti kollvarpað úrskurði um mat á Bakka

**Misræmi er í úrskurðum umhverfisráðherra vegna framkvæmda á Bakka og í Helguvík. Höfði tveir af fjórum framkvæmdaaðilum á Bakka mál fyrir dómstólum gæti grundvöllur fyrir sameiginlegu mati hrunið.**

**UMHVERFISMÁL** Tvö af fjórum fyrirtækjum sem koma munu að orkuöflun og flutningi vegna álvers á Bakka gætu óskað eftir endurupptöku á úrskurði ráðherra um sameiginlegt umhverfismat, meðal annars vegna ákveðins misræmis í úrskurðum ráðherra. Þetta segir Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í umhverfisrétti.

Hún vísar til þess að í úrskurði ráðherra vegna álvers í Helguvík komi fram ákveðin regla sem tryggi meðal annars réttaröryggi. Til að mögulegt sé að láta gera sameiginlegt mat þurfi ákvörðun um það að liggja fyrir áður en „ákvörðun er tekin um matsáætlun þeirrar framkvæmdar sem til umfjöllunar er hverju sinni“, eins og segir í úrskurðinum.

Í úrskurði ráðherra vegna álvers á Bakka kemur fram að Skipulagsstofnun hafði samþykkt drög að mati á umhverfisáhrifum frá Þeistareykjum og Landsneti áður en niðurstaða ráðuneytisins um sameiginlegt mat lá fyrir.

Þar með er hægt að halda því fram að ákvörðun um sameiginlegt umhverfismat sé óvenju íþyngjandi fyrir þessi fyrirtæki, sé tekið mið af fyrri úrskurði ráðuneytisins, segir Aðalheiður.

Forsvarsmenn þessara fyrirtækja gætu óskað eftir því að ráðuneytið taki málið fyrir að nýju, meðal annars á þessum grundvelli. Þeir gætu einnig höfðað mál fyrir dómstólum og krafist þess að úrskurðurinn teljist ekki bindandi fyrir fyrirtækin. Fallist dómstólar á þær kröfur væri grundvöllur fyrir sameiginlegu mati allra aðila hruninn, segir Aðalheiður. Að framkvæmdum tengdum álveri á Bakka koma fjögur fyrirtæki. Alcoa vill reisa álverið, Landsvirkjun og Þeistareykir vilja virkja, og Landsnet vill flytja orku af virkjunarstað að álverinu. Vilji forsvarsmenn allra fyrirtækjanna höfða mál fyrir dómstólum gætu þeir væntanlega krafist þess að úrskurður ráðherra verði ógiltur, segir Aðalheiður. Þeir gætu meðal annars notað þau rök að ekki hafi verið sýnt fram á að sameiginlegt mat sé betur til þess fallið að ná markmiðum laga en ef hver og einn geri mat. Vegna þess hversu íþyngjandi ákvörðunin sé megi halda því fram að meðalhófs hafi ekki verið gætt.

Umhverfisráðherra úrskurðaði að álver í Helguvík þyrfti ekki í sameiginlegt umhverfismat með virkjunum. Í kjölfarið benti Aðalheiður á að málsmeðferðarreglur vantaði til að hægt væri að beita reglum um sameiginlegt umhverfismat. Nú segir hún að stjórnvöld hafi haft alla möguleika á að breyta reglunum. Rétt hefði verið að bæta þar inn málsmeðferðarreglum svo að auðveldara væri að beita henni. Það hafi ekki verið gert.

- bj / sjá síðu 6



**FORNLEIFAUPPGRÖFTUR VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ** Vala Garðarsdóttir uppgraftarstjóri og samstarfsfólk hennar við fornleifauppgröft á Alþingisreitnum á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis. Hópurinn fann það sem talið er brunnur frá síðari hluta átjándu aldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brunnur fannst við fornleifauppgröft á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis:

# Fornleifar við Alþingishúsið

**REYKJAVÍK** Fornleifar sem taldar eru vera brunnur fundust við fornleifauppgröft á Alþingisreitnum, á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, gæti hafa tilheyrt Reykjavíkurbænum að sögn Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðings.

„Ég tel að þetta sé brunnur sem við fundum,“ segir Vala Garðarsdóttir, uppgraftarstjóri við Alþingisreitinn, en þó er ekki búið að rannsaka sýni sem geta sagt til um hvort og hvenær brunnurinn var í notkum.

Meintur brunnur er nánast heill, venjulegur íslenskur brunnur frá síðari hluta átjándu aldar og um áttatíu sentímetrar í radíus að sögn Völu.

Samkvæmt lögum þarf að rannsaka Alþingisreitinn áður en fyrirhugaðar framkvæmdir við hann hefjast. Ef merkar fornminjar finnast þarf líklega að endurskoða framkvæmdina, samkvæmt Kristni Magnússyni deildarstjóra hjá Fornleifavernd ríkisins.

- vsp/sjá síðu 4

19 prósent niður á 21 degi:

## Olíuverð heldur áfram að falla

**VIÐSKIPTI** Bjartsýnustu spár gera ráð fyrir að olíuverð verði á bilinu 75 til 90 dalir tunnan í lok þessa árs. Olíuverð á heimsmarkaði hélt áfram að falla í byrjun vikunnar, niður í 118 dali á tunnu á þriðjudag áður en það hækkaði aftur í 120 dali.

Síðast var olíuverð innan við 120 dali í maíbyrjun og hefur það nú lækkað um 19 prósent á þremur vikum. Helsta ástæðan er sögð vaxandi áhyggjur af minnkandi eftirspurn vegna efnahagsástandsins í Bandaríkjunum. Þá önduðu markaðir léttar þegar fréttir bárust af því að hitabeltisstormurinn Eduardo myndi ekki skaða olíuborpalla í Mexíkóflóa.

Lagafrumvörp sem eiga að hemja eða banna alla smákaupmennsku með olíu hafa verið lögð fram á Bandaríkjaþingi.

- msh / Sjá Markaðinn

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN



1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn
3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki
12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000

SHIMANO hjól Alivio



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun



## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, eru þessi hús ekki tilvalin fyrir líffræðikennslu?*

„Jú, enda iðandi gróska.“

Í fjórum byggingum Korpuskóla í Grafarvogi greindust myglusveppir og bakteríur í miklu magni. Júlíus Vífill Ingvarsson er formaður menntaráðs Reykjavíkur.

Varaformaður skipulagsráðs bíður ákvörðunar borgarráðs um framtíð sína:

# Ólöf útilokar ekki að leita réttar síns

**REYKJAVÍK** Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkur, útilokar ekki að leita réttar síns ef ákvörðun borgarstjóra um að víkja henni úr ráðinu nær fram að ganga á fundi borgarráðs á morgun.

Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður skrifaði grein á vef sinn um helgina þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Ólafs F. Magnússonar um að víkja Ólöfu úr ráðinu stæðist ekki sveitarstjórnarlög. Til þess að unnt sé að víkja fulltrúa úr nefnd eða ráði þurfi að vera um það einhugur innan sveitarstjórnar, auk þess sem fyrir því þurfi að vera málefnalegar ástæður.



**FRAMTÍÐIN ÓLJÓS** Ólöf Guðný segir óeðlilegt hvernig fyrirhugaða brottvikningu hennar bar að. FRÉTTABLAÐIÐ / RÓSA

Áður var í lögunum ákvæði um að heimilt væri að víkja fulltrúa úr ráði eða nefnd, nyti hann ekki lengur trausts meirihluta sveitarstjórnar. Það var fellt brott með breytingum árið 2004. Ólafur sagði hins vegar ákvörðunina byggða á því að Ólöf nyti ekki lengur trausts hans.

Sigurður Líndal lagaprófessor sagði í Fréttablaðinu í gær Ólöfu eiga rétt á skaðabótum og jafnvel einnig miskabótum ef mat Daggar fær staðist.

„Það er ekki tímabært að taka þessa ákvörðun núna,“ segir Ólöf Guðný um mögulega lögsókn. „Ég ætla að bíða og sjá með hvaða hætti málið verður afgreitt í borgarráði og taka ákvörðun um framhaldið eftir það.“ **- sh**

Heilsuspillandi skólastofur:

# Naumur tími til stefnu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta var mjög góður fundur þar sem við skiptumst á skoðunum og hugmyndum,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs, um fund sem hann átti í gær með foreldrum barna sem stunda nám við Korpuskóla í Grafarvogi.

Hann segir andrúmsloftið á fundinum hafa verið mjög hreinskiptið og jákvætt þar sem unnið hafi verið að lausn málsins. Áfram verður fundað um málið í dag. „Við erum að vinna þetta eins hratt og okkur er kostur. Skólahald fer að byrja svo það er ljóst að við þurfum að koma fljótlega fram með lausnir.“ **- ovd**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Ekki meðal fimm hundruð bestu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Háskóli Íslands:

# Ekki meðal 500 bestu háskóla

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands er ekki meðal fimm hundruð bestu háskóla heims, samkvæmt nýjum lista Shanghaí Jiao Tong-háskóla. Skólinn er ekki talinn meðal hundrað bestu háskóla Evrópu.

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að verða meðal hundrað bestu háskóla heims.

Listi háskólans, gjarnan nefndur Shanghaí-listinn, er mikils metinn og víða vitnað í hann, meðal annars í breska tímaritinu The Economist. Röðunin byggist meðal annars á fjölda verðlauna sem fyrrverandi nemendur og kennarar við skóla hljóta, birtum vísindagreinum kennara og stærð skólans. **- ges / gh**

Motocross á Íslandi:

# Mikil aukning meðal kvenna

**ÍÞRÓTTIR** **„Iðkendum í motocrossi hefur fjölgað töluvert síðastliðin ár og áhugi kvenna aukist til muna. Kvennaflokkurinn er orðinn gífurlega stór,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður Vélhjólaíþróttaklúbbsins VÍK, en fjöldi kvenna í motocrossi hefur fimmtánfaldast á síðustu fjórum árum.**

**Hrafnkell segir motocross vera erfiða íþróttagrein, sem krefjist gífulegrar þjálfunar og því séu keppendur á æfingum flesta daga vikunnar.** **- mmf / sjá Allt**

# Magnús kom eins og engill til bjargar

**Skoðunarmaðurinn Magnús Þór Óskarsson sýndi snarræði þegar hann blés lífi í Hannes Ragnarsson, sem var í andnauð eftir að hafa klemmst á milli tveggja bíla. „Ég á Magnúsi líf að launa,“ segir Hannes. Hann er óðum að braggast.**

**BJÖRGUN** „Þetta var rosalegt högg. Ég gleymi því aldrei,“ segir Hannes Ragnarsson, sem slasaðist lífshættulega þegar hann klemmdist á milli bíla í skoðunarstöð Frumherja á föstudag.

„Ég reyndi að banka í bílinn til að láta vita að það þyrfti að færa hann strax. Þá vissi ég náttúrulega ekki að Magnús kæmi fljúgandi til mín eins og engill. Hann gerði allt rétt. Ég væri ekki hérna ef hann hefði ekki brugðist svona við, það er alveg á hreinu.“

Magnús Þór Óskarsson, skoðunarmaður hjá Frumherja, brást skjótt við þegar hann sá Hannes berjast fyrir lífi sínu á milli bílanna á verkstæðisgólfinu. „Maðurinn var orðinn blár,“ segir Magnús. „Hann gat engan veginn andað, hann var svo klemmdur. Þannig að ég fór að blása í hann og hann fór að sýna lífsmark eftir sex, sjö skipti.“

Magnúsi var létt þegar Hannes fór að anda á ný. „Já, það var góð tilfinning. Við héldum að hann væri að deyja í höndunum á okkur.“ Magnús segist aldrei hafa gert nokkuð í líkingu við þetta áður, en hann sé gamall björgunarsveitarmaður og hafi lært skyndihjálp á námskeiðum. „Þetta gleymist ekki svo auðveldlega.“

Slysið bar að með þeim hætti að bensíngjöfin á bíl Hannesar festist niðri þegar hann ætlaði að bakka örstuttan spöl. Hann kastaðist þá út úr bílnum og klemmdist á milli eigin bíls og annars sem stóð á verkstæðisgólfinu.

„Ég á Magnúsi líf að launa,“ segir Hannes. Eftir lífgjöf Magnúsar komu sjúkraflutningamenn á vettvang og óku Hannesi milli heims og helju á sjúkrahús. Hann var með samfallið lunga, rifið nýra og brotin rifbein báðum megin, blætt hafði inn á kviðarhol og mjaðmakúla hrökk úr liði.

Hannes er nú allur að braggast og til stóð að hann færi heim af spítalanum til konu sinnar og tólf ára sonar í gærkvöldi.

„Við héldum að hann væri farinn,“ segir Ólöf Kristín Ingólfsdóttir, kona Hannesar, sem var afar hrædd um eiginmann sinn þegar hún heyrði af slysinu á föstudag.

stigur@frettabladid.is



**ENDURFUNDIR** Hannes og Magnús hittust á Landspítalanum í gær, í fyrsta sinn frá því að Magnús blés lífi í Hannes á föstudag. Hannes segir Magnús ótrúlega hógværan, og þakkar honum það að hann geti farið og hitt fjölskyldu sína á ný, eins og til stóð að hann myndi gera í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

### MEÐ RÉTTARSTÖÐU SAKBORNINGS

Hannes kveðst ósáttur við vinnubrögð lögreglu í kjölfar slyssins. Lögregluþjónn hafi komið að máli við hann á sjúkrahúsinu, þar sem Hannes lá stórslasaður og vart fær um að mæla orð af vörum, og tilkynnt honum að hann hefði réttarstöðu sakbornings í málinu, án frekari útskýringa. Þá hafi lögregla látið dráttarbíl fjarlægja bíl hans af skoðunarstöðinni á hans kostnað, þrátt fyrir að þar biði bíllinn enn skoðunar. Hannes er undrandi á því að honum skuli ekki sýnd meiri tillitssemi.



**FRÁ HERJÓLFSDAL** Christian Rehward kom til Eyja til að skoða fugla en lenti þá á þjóðhátíð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Þýskur fuglaskoðari:

# Mætti óvart á þjóðhátíð

**VESTMANNAEYJAR** **Christian Rehward, þýskur ferðamaður, kom til Vestmannaeyja um helgina í þeim tilgangi að skoða fuglalíf eyjanna. Hann rak upp stór augu þegar hann mætti í Herjólfsdal og sá að þar var frekar lítið um fugla en frekar mikið af fólki - um þrettán þúsund manns.**

**Rehward hélt þó ótrauður í fuglaskoðun um Eyjuna. Þegar hann kom tilbaka í tjaldið var búið að stela bakpoka sem í voru vegabréf og flugmiði.**

**Bakpokinn fannst síðar við ruslagáma í Herjólfsdal og hafði engu verið stolið. Ekki er vitað hvar Rehward ætlar að vera um helgina, en vonandi ætlar hann ekki að skoða fuglífið á Dalvík.** **- ovd**

Gítarleikarinn Friðrik Karlsson:

# Kallaður Eric Clapton Íslands

**FÓLK** Tónlistarmaðurinn og gítarleikarinn Friðrik Karlsson er kallaður „Eric Clapton Íslands“ í viðtali sem birtist við hann í Los Angeles Times um helgina.

Þar er nýaldartónlist til umfjöllunar og er Friðrik sagður hafa notið fádæma velgengni fyrir tónsmíðar sínar á því sviði. Hann situr fyrir svörum ásamt Nicholas Gunn, eiganda útgáfufyrirtækisins Gemini Sun, sem Friðrik skrifaði nýlega undir samning við. **- sun /** **sjá síðu 30**




Viftur hafa rokselst í sumar og ekki síst heitustu daga sumarsins í síðustu viku:

# Ódýrari viftur allar uppseldar

**VIÐSKIPTI** Viftusala hefur verið mjög góð það sem af er sumri. Einkum var salan fjörleg í hitabylgjunni í síðustu viku.

„Við seljum líklega fimm til tíu þúsund viftur á þessu sumri, sem er líklega um fjörutíu prósenta aukning milli ára,“ segir Hlíðar Þór Hreinsson, framkvæmdastjóri Heimilistækja.

„Við erum vel birgðir af viftum og tökum inn nokkra gáma fyrir hvert sumar,“ segir Hlíðar. „Ég vona að það dugi út ágúst en sennilega ekki mikið lengur.“

„Ódýrari vifturnar eru allar búnar og nær allar viftur seldust upp í versluninni hjá okkur í síðustu viku,“ segir Hallur Ágústsson, verslunarstjóri Elko í Skeifunni. „Það hefur verið brjálæði í þessu í allt sumar.“

Þorvaldur Þorvaldsson, innkaupastjóri hjá Elko, segir viftusölu hafa verið góða í sumar, eins og síðasta sumar.

„Vifturnar seldust upp á tímabili síðasta sumar en nú höfðum við vaðið fyrir neðan okkur og eigum enn nóg til þótt sumar gerðir hafi selst upp,“ segir Þorvaldur.

Hallur segir að hundrað til tvö hundruð viftur hafi selst í hitabylgjunni í síðustu viku. „Mér skilst að þetta sé óvenjumikill hasar en það var víst líka í hitanum síðasta sumar.“ **- ht**



**KÆRKOMINN BLÁSTUR** Fjörutíu prósentum fleiri viftur hafa selst í Heimilistækjum nú í sumar miðað við síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**

ENNEMM / SÍA / NM34391 / Ljósm. Gunnar Sverrisson

## GENGIÐ 05.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,99 | 79,37 |
| Sterlingspund | 154,43 | 155,19 |
| Evra | 122,35 | 123,03 |
| Dönsk króna | 16,396 | 16,492 |
| Norsk króna | 15,219 | 15,309 |
| Sænsk króna | 12,931 | 13,007 |
| Japanskt jen | 0,7319 | 0,7361 |
| SDR | 127,45 | 128,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,6715

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvenjulegar dýrakomur í sumar tengjast ekki hlýnun jarðar segja vísindamenn:

# Koma rostungs ótengd ísbjörnum

**DÝRALÍF** Engin tengsl eru á milli komu rostungsins sem fannst í Ófeigsfirði síðastliðinn laugardag og ísbjarnanna tveggja sem gengu á land í Skagafirði fyrr í sumar. Þetta segja þeir Páll Hersteinsson prófessor í spendýrafræði við Háskóla Íslands og Þorsteinn Vilhjálmsson, ritstjóri Vísindavefjarins.

„Ísbirnir eru landdýr og fljóta megnið af leiðinni hingað til lands á ísjaka. Svo synda þeir síðasta spölinn. Rostungar lifa aftur á móti í sjó og synda allra sinna ferða. Það ræðst af æti og öðrum aðstæðum hvert þeir fara,“ segir Þorsteinn. „Það er ekki hægt að tengja þessar dýrakomur við hlýnun jarðar því hlýnunin leiðir til þess að dýr færa sig norður á bóginn en ekki suður.“

Páll segir erfitt að vita hvað dró rostunginn svona langt frá sínum eðlilegu heimkynnum, en hann er talinn koma frá hafinu nærri Grænlandi eða Svalbarða. „Ég veit auðvitað ekki hvað honum gekk til. Líklegast er að veikindi hafi dregið hann hingað. Í það minnsta er ljóst að þetta er mjög óvenjuleg hegðun hjá dýrinu.“ - ges



**ROSTUNGUR** Mikael Róbertsson, níu ára, gekk fram á rostunginn með fjölskyldu sinni. MYND/ÁGÚSTA

Palestínskir flóttamenn:

## Á leið til Íslands og Svíþjóðar

**FLÓTTAMENN** Hópur palestínskra flóttamanna, sem dvalið hefur lengi í flóttamannabúðum, er á leið til Íslands og Svíþjóðar á næstu vikum. Hingað koma 29 úr Al Waleed-búðunum, en til Svíþjóðar fara 155 úr Al Tanf-flóttamannabúðunum.

Ron Redmond, talsmaður Flóttamannastofnunar SÞ, sagði á blaðamannafundi í Genf í gær að um 2.300 Palestínumenn byggju við skelfilegar aðstæður í flóttamannabúðum. Hann sagði flóttamennina í góðum höndum í norrænu löndunum og tiltók sérstaklega gott stuðningskerfi við flóttamenn á Íslandi. - kóp

# Brunnur fannst á Alþingisreitnum

**Brunnur frá átjándu öld er talinn hafa fundist við fornleifauppgröft á Alþingisreitnum. Brunnurinn gæti hafa tilheyrt Reykjavíkurbænum að sögn sagnfræðings. Ef merkar minjar finnast gæti þurft að endurskoða framkvæmdina.**

**REYKJAVÍK** „Ég tel að þetta sé brunnur sem við fundum,“ segir Vala Garðarsdóttir, uppgraftarstjóri við Alþingisreitinn.

Brunnurinn, sem fannst á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, gæti hafa tilheyrt Reykjavíkurbænum að sögn Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðings. Í Reykjavíkurbænum var búið frá því á miðöldum og til ársins 1752, þegar Innréttingum Skúla Magnússonar var afhent lóðin.

Meintur brunnur er nánast heill, venjulegur íslenskur brunnur frá síðari hluta átjándu aldar og um áttatíu sentímetrar í radíus að sögn Völu. Ekki hafa hins vegar verið rannsökuð sýni sem geta sagt til um hvort og hvenær hann var í notkun, en vonast er til að það verði gert í haust.

Fornleifauppgröftur hófst á Alþingisreitnum, sem afmarkast af Kirkjustræti, Vonarstræti, Tjarnargötu og Templarasundi, fyrir tveimur vikum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vestanverðan reitinn. Fyrstu vikuna voru tré, malbik og hellur fjarlægðar. Eiginlegur uppgröftur hófst í síðustu viku en þá fundust leifar sem taldar eru vera brunnur.

„Það sem við vitum um þetta svæði er frá um 1650 og upp úr. Tíminn frá landnámi og fram á miðaldir er auður blettur í sögunni og við vonum að þessi fornleifauppgröftur varpi ljósi á miðaldasamfélagið hérna,“ segir Vala.

Uppgröfturinn gengur vel og nú er komið niður á ágætis mannvistarleifar að sögn Völu. „Veggjahleðslur eru að koma upp en þær eru mikið skemmdar frá fyrri framkvæmdum,“ segir Vala en þau telja sig vera komin að lokum átjándu aldar eru brunnur.

Fornleifauppgröfturinn stendur til október 2009 og munu 20 til 22 íslenskir og erlendir fornleifafræðingar starfa við uppgröftinn í vetur. Sem stendur starfa fimm fornleifafræðingar við uppgröftinn.

Samkvæmt lögum þarf að rannsaka Alþingisreitinn áður en framkvæmdirnar hefjast. Ef merkar fornminjar finnast þarf líklega að endurskoða framkvæmdina, samkvæmt Kristni Magnússyni, deildarstjóra hjá Fornleifavernd ríkisins. Það er ekki fordæmalaust því fyrirhugaðar framkvæmdir voru endurskipulagðar þegar meintur bústaður Ingólfs Arnarsonar fannst við Aðalstræti. vidirp@frettabladid.is



**MARGT TIL BRUNNS AÐ BERA** Hér sjást starfsmenn við meinta brunninn sem talinn er vera frá síðari hluta átjándu aldar. Mögulega brunnur gamla Reykjavíkurbæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ROLF BAE** 33 ára Norðmaður var meðal hinna ellefu sem fórust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjallgöngumenn á K2:

## Komst fótkalinn í grunnbúðir

**PAKISTAN, AP „Ég er feginn að vera á lífi,“ sagði Marco Confortola, ítalskur fjallgöngumaður sem komst í gær við illan leik niður í grunnbúðir K2, næsthæsta fjalls heims, sem er á landamærum Pakistans og Kína. Ellefu klifurfélagar Confortolas fórust í íshruni í fjallinu fyrir fjórum dögum. Þar á meðal voru Norðmaður og þrír aðrir Evrópumenn.**

**K2 er mun illkleifara en Everest, hæsta fjall heims. Frá því hann var fyrst klifinn árið 1954 hafa 280 manns komist á tindinn. Tugir manna hafa farist í fjallinu, flestir er þeir voru á niðurleið.** - aa

Bush í Asíuför:

## Fjölmenn mótmæli í Seúl

**SUÐUR-KÓREA, AP** Óeirðalögregla beitti háþrýstivatni og kylfum til að dreifa fjölda mótmælenda, sem safnaðist saman í suðurkóresku höfuðborginni Seúl er George W. Bush Bandaríkjaforseti kom þangað í gær.

„Ég er ekki and-bandarískur, bara á móti Bush og Lee Myung-bak,“ tjáði einn mótmælandinn AP. Bush mun eiga fund með Lee Myng-Bak Suður-Kóreuforseta í dag. Hann mun síðan eiga stutt stopp í Taílandi áður en hann fer á Ólympíuleikanna í Kína. - aa



**Í LÁVARÐADEILDINNI** Yfirgnæfandi meirihluti deildarinnar virðist andvígur hinum umdeildu lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingnefnd lávarða:

## Hryðjuverkalögin eru ótæk

**BRETLAND, AP Nýju hryðjuverkalögin, sem Gordon Brown forsætisráðherra fékk naumlega samþykkt í neðri deild breska þjóðþingsins, eru að mati stjórnlaganefndar lávarðadeildarinnar afar varhugaverð.**

**Lögin ógna sjálfstæði dómara og draga úr líkum á sanngjörnum réttarhöldum, segir nefndin í nýrri skýrslu.**

**Lögin veita lögreglu heimild til að halda grunuðum hryðjuverkamönnum í allt að 42 daga áður en þeir eru leiddir fyrir dómara, að fengnu samþykki þings og dómara.**

**Lávarðadeildin hefur ekki samþykkt lögin. Hún getur bæði tafið gildistöku þeirra og knúið fram breytingar á efni þeirra.** - gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í bíl við Fjólugötu**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að húsi við Fjólugötu skömmu fyrir klukkan eitt aðfaranótt þriðjudagsins. Var þá eldur laus í númerslausum bíl og teygði eldurinn sig upp í þakskegg hússins sem bíllinn stóð við. Slökkviliðið slökkti eldinn og reykræsti bílskúr og geymslu við húsið. Líklegt er talið að um íkveikju sé að ræða.


Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Pevaryl® , Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.


### VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**HÆGVIÐRASAMT** Það er hverfandi vindur í kortunum þessa dagana og í rauninni út vikuna og fram á helgina. Bjart verður með köflum víðast hvar á landinu og yfirleitt úrkomulítið en hætt við síðdegisskúrum sunnan til á landinu. Hiti næstu daga verður á bilinu 10-15 stig.



Á MORGUN
Hægviðri og breytileg átt.

FÖSTUDAGUR
Hægviðri

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 22° |
| London | 24° |
| París | 30° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 32° |
| Berlín | 26° |
| Alicante | 32° |
| Mallorca | 35° |
| Basel | 30° |
| Eindhoven | 28° |
| Las Palmas | 28° |
| New York | 28° |
| Orlando | 34° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# ÚTSALA !
# 25 - 70 %
# AFSLÁTTUR

Fagurkerar og aðrir áhugamenn
um falleg heimili takið eftir. **Útsalan er hafin!**
Það þýðir að þú getur fengið fallegri vörur á
betra verði. **Parket, flísar, hreinlætistæki og hurðir.**

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
INTERIORS

**KJÖRKASSINN**



*Sóttir þú skipulagða hátíð um verslunarmannahelgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 16,8% |
| Nei | 83,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vantar fleiri hjólreiðastíga á höfuðborgarsvæðinu?*

Segðu þína skoðuna á visir.is.

Þingmaður Framsóknarflokks vill fund hjá umhverfisnefnd Alþingis:

# Nefndarfundur um Bakka

**UMHVERFISMÁL** Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, hefur farið fram á að fundur verði haldinn í umhverfisnefnd Alþingis. Tilefnið er nýfallinn úrskurður Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra um að meta skuli heildstætt áhrif allra framkvæmda vegna álvers á Bakka.

Höskuldur segir nauðsynlegt að funda um málið og vill að heimamenn verði boðaðir sem og ráðherra. „Ég tel að hún eigi að útskýra úrskurð sinn, þar sem hann er í berhögg við fyrri úrskurð hennar í sambærilegu máli. Ég tel að hún sé að brjóta jafnræðis- og meðalhófsreglu. Þá er mikilvægt að heyra sjónarmið heimamanna,“ segir Höskuldur.

Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar, segir að ekki liggi enn fyrir hvenær af fundi nefndarinnar geti orðið, en býst við að það verði innan viku, tíu daga. „Mér heyrist að mikilvægt sé að upplýsa einstaka nefndarmenn um efni máls í framhaldi af umræðu síðustu daga,“ segir Helgi.

Aðspurður hvort hann sé sammála úrskurði umhverfisráðherra segir Helgi að ítarlega eigi eftir að fara yfir hann í nefndinni. „Almennt séð tel ég hins vegar rétt að vanda meira en minna til stórra framkvæmda í náttúru Íslands.“ **- kóp**



**UMHVERFISNEFND ALÞINGIS** Mun funda um úrskurð umhverfisráðherra um heildstætt umhverfismat vegna álvers á Bakka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæjarfulltrúar Álftaness deila:

## Vítur óheimilar

**ÁLFTANES Samgönguráðuneytið hefur úrskurðað að Kristjáni Sveinbjörnssyni, forseta bæjarstjórnar Álftaness, hafi verið óheimilt að víta Guðmund G. Gunnarsson, bæjarfulltrúa og fyrrum bæjarstjóra, í maí.**

**Gunnar sakaði Kristján um að hafa ítrekað farið með ósannindi um stjórnsýslu sveitarfélagsins og að hafa ástæðulaust gengið af fundi bæjarráðs. Guðmundur mótmælti fullyrðingum Kristjáns og kærði vítunnar til samgönguráðuneytisins.**

**Í úrskurði ráðuneytisins segir að heimild forseta til að víta snúi að fundarstjórn og beri að beita af varúð.** **- gh**

Félag um Keflavíkurflugvöll:

## Starf forstjóra auglýst laust

**ATVINNA** Starf forstjóra Keflavíkurflugvallar hefur verið auglýst laust til umsóknar. Frestur til að sækja um stöðuna rennur út 16. ágúst.

Opinbera hlutafélagið Keflavíkurflugvöllur var stofnað í júní og tekur þann 1. janúar yfir starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Samgönguráðherra hefur skipað stjórn félagsins sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi þess. Formaður félagsins er Jón Gunnarsson. **- ht**

Myndlistarsýning í Ráðhúsinu:

## Reykjavík séð með gestsauga

**MENNING Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS standa fyrir ljósmyndasýningu sem hófst í gær í Ráðhúsi Reykjavíkur.**

**Um 40 manna hópur á vegum samtakanna hefur haldið til hér á landi í tvær vikur og unnið að verkefninu sem kallast Photo Marathon. Tuttugu myndir þessara ljósmyndara, sem koma frá hinum ýmsu löndum, eru á sýningunni. „Ég er afar ánægður með afraksturinn,“ segir Henrique Pedrero sem hafði umsjón með verkefninu. „Öll verkefni SEEDS eru tengd umhverfismálum og í þessu verkefni tóku ljósmyndararnir ýmsa vinkla á það mál hér í Reykjavík og nágrenni.“ Fjöldi annarra hópa er nú að störfum við hin ýmsu umhverfismál hér á landi.** **- jse**



**BRENNUVARGUR AÐ VERKI** Það er árviss atburður að menn kveiki í tjöldum sínum í hátíðarlok. Sumir gera reyndar gott betur og kveikja einnig í tjöldum annarra. Pilturinn á myndinni fékk að gista fangageymslur fyrir slíkan verknað. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# Flúðu Herjólfsdal vegna brennuvarga

**Yfirlögregluþjónn segir að erilsamt hafi verið hjá lögreglu yfir þjóðhátíð sem gekk þó stóráfallalaust fyrir sig. Hann segir það árvisst að fólk kveiki í tjöldum í hátíðarlok og varð engin undantekning þar á að þessu sinni.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta hefur verið erilsamt en á heildina litið má segja að þetta hafi gengið stóráfallalaust,“ Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, um annir helgarinnar.

Hann segir að upp hafi komið um 20 fíkniefnamál og að sex líkamsárásarmál hafi komið á borð lögreglu. „Svo vitum við um eitt til viðbótar þar sem maður var sendur kjálkabrotinn til Reykjavíkur en það hefur enn ekki verið kært til okkar,“ segir Jóhannes. Ekkert kynferðisbrot hefur borist á borð lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

Hann segir það orðinn árvissan atburð að menn kveiki í tjöldum í hátíðarlok frekar en að fara með þau heim. Sumir eru þó stórtækari en svo að þeir láti nægja að kveikja í sínu tjaldi. Einn maður fékk að gista fangageymslur fyrir slíkan verknað en fjöldi tjalda varð eldi að bráð. Þjóðhátíðargestur sem Fréttablaðið hafði samband við segir að hann hafi ekki þorað að gista í tjaldi sínu af ótta við að menn kveiktu í því og eins hafi reykjarmökkurinn gert það illþolanlegt að vera í Herjólfsdal. Fór hann því með föruneyti sínu og fékk gistingu í heimahúsi.

„Það er alveg ótrúlegt hvað mörg af þessum tjöldum eru verðmæt sem fá að fara svona. Svo vill það bregða við að hringt er til okkar og tilkynnt um stolið tjald en þá hefur unglingurinn kveikt í því en ekki viljað viðurkenna það fyrir foreldrum sínum,“ segir Jóhannes.

Um þrjátíu lögreglumenn stóðu vaktir í Eyjum yfir verslunarmannahelgina. Um tuttugu voru á vakt þegar mest var en á venjulegu laugardagskvöldi standa venjulega þrír lögregluþjónar vaktina. Liðsaukinn var meðal annars fenginn frá lögregluembættum á Suðurnesjum, Selfossi og Reykjavík. Einnig voru menn frá sérsveit lögreglunnar á svæðinu. Þar að auki voru fjölmargir öryggisverðir frá mótshöldurum og svo stóðu foreldrar einnig vaktina á svokölluðu foreldrarölti.

jse@frettabladid.is

Steig trylltan dans á þjóðhátíð:

## Dæmdur fyrir morðhótanir

**DÓMSMÁL** Maður um þrítugt hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás og morðhótanir.

Maðurinn dansaði ölvaður uppi á borði á veitingastað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fyrir tveimur árum. Hann sinnti í engu óskum dyravarðar um að koma sér niður af borðinu heldur sló hann af alefli í andlitið. Dyravörðurinn hlaut skurð á vör og missti framtönn.

Þegar lögreglumenn komu á staðinn brást hann vondur við, hótaði einum þeirra ítrekað lífláti og sparkaði í fætur hans. Hann neitaði öllu en var eigi að síður fundinn sekur. Vegna dráttar á rannsókn málsins var refsingin skilorðsbundin. **- sh**



**JAKOB ZUMA** Tók nokkur dansspor eftir að hafa sótt um niðurfellingu ákærumáls. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Væntanlegur forseti S-Afríku:

## Vill niðurfellingu ákæranna

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Jakob Zuma, leiðtogi Afríska þjóðarráðsins og forsetaefni flokksins, fór fram á það á mánudag að allar ákærur á hendur honum um skjalasvik og spillingu yrðu felldar niður.

Dómarinn í málinu, Chris Nicholson, sagðist í gær ætla að úrskurða um þessa beiðni þann 12. september, en ákvað jafnframt að réttarhöld hefjist 8. desember, fari svo að hann vísi ekki ákærunum frá dómi.

Reiknað er með því að Afríska þjóðarráðið haldi yfirgnæfandi meirihluta sínum í þingkosningum á næsta ári og í framhaldi af því taki Zuma við af Thabo Mbeki sem forseti landsins. Málaferlin gætu þó komið í veg fyrir það. **- gb**



**SÍÐASTI SPÖLUR HLAUPS** Stúlka í Chengdu í Setsúan gæðir sér á sleikjó í formi Ólympíuhringjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn einn jarðskjálftinn í Kína:

## Byggingar nötruðu í Setsúan

**KÍNA, AP** Öflugur jarðskjálfti, um 6,0 að styrkleika, skók Setsúanhérað í Kína í gær, á sömu slóðum og um 70.000 manns fórust í hamfarajarðskjálfta í maí. Engar fregnir bárust þó af tjóni á mannvirkjum eða slysum á fólki.

Hlaupið með ólympíukyndilinn lá einmitt um þetta hérað Kína í gær, en það gekk vandkvæðalaust. Hlaupið um Setsúan var síðasti spölur hlaupsins fyrir endamarkið í Peking.

Að sögn Xinhua-fréttastofunnar nötruðu byggingar í borgunum Hanzhong, Xian og Chongqing í Gansu- og Shaanxi-sýslum í Setsúan er jarðskálftinn reið yfir síðdegis að staðartíma. **- aa**

Kona breytti framburði sínum í máli ákæruvaldsins gegn manni hennar:

## Segist hafa gengið á hönd mannsins

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands hefur sýknað karlmann af ákæru um líkamsárás á konu sína og stjúpdóttur sína. Hann var ákærður fyrir að ganga illa í skrokk á konu sinni á heimili þeirra í júlí í fyrra og auk þess hrinda stjúpdótturinni og sparka í hana. Konan hafði mikla áverka eftir atganginn.

Í fyrstu viðurkenndi maðurinn að hafa slegið konu sína, en breytti þeim framburði síðar og kvað hana hafa gengið á hönd sína. Konan breytti framburði sínum einnig og tók undir skýringu mannsins þegar leið á.

Maðurinn viðurkenndi að hafa ýtt við konunni, en sagði það hafa verið gert til að koma henni út úr húsinu. Segir í dómnum að ljóst sé að konan „fékk áverka af völdum ákærða en þar sem ekki telst sannað að ásetningur hans hafi staðið til þess að skaða hana, einungis að koma henni út úr húsi í kjölfar rifrildis þeirra, verður honum ekki refsað fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi […]“

Þá var afleiðingum af meintri árás mannsins á stjúpdóttur sína ekki lýst í ákæru, auk þess sem hún leitaði sér ekki læknishjálpar. Í ljósi þess, auk reikuls framburðar hlutaðeigandi og að fólkið var eitt til frásagnar, telur dómurinn ekki unnt að sakfella manninn. Hjörtur O. Aðalsteinsson dæmdi málið. **- sh**

**MIKLIR ÁVERKAR**

Konan hlaut talsverða áverka. Hún hlaut blóðgúl undir húð vinstra megin á enni, V-laga skurð á eyrnasnepil, mar undir augabrún, á nefi, gagnauga, handlegg og á hné.

Í fyrstu viðurkenndi maðurinn að hafa lagt hendur á konuna, hann hefði „sparkað í rassgatið á henni og sagt henni að drulla sér út“, og vel gæti verið að hann hefði „danglað í hana líka“. Hann breytti síðar framburðinum.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Féll af bifhjóli í Borgarnesi

Ökumaður bifhjóls slapp með minniháttar meiðsl þegar hann féll af hjólinu í Borgarnesi um klukkan hálf þrjú í gær. Maðurinn var fluttur á heilsugæslustöð til skoðunar en fékk að fara þaðan skömmu síðar. Bifhjólið, stórt götuhjól, er talsvert skemmt.



# Nám samhliða starfi
## - styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Nokkur sæti laus**
**Umsóknarfrestur til 18. ágúst**

**NÁM SAMHLIÐA STARFI**

- Rekstrar- og viðskiptanám
- Mannauðsstjórnun
- Þjónustustjórnun
- Hugræn atferlismeðferð
- Nýtt Markaðssamskipti - stefnumörkun og framkvæmd
- Nýtt Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
- Nýtt Nám í verðbréfaviðskiptum
- Nýtt Leiðsögunám á háskólastigi

# Nám á meistarastigi
## - í samstarfi við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum hefur aukist mikið síðustu misseri. Þetta form símenntunar hefur fallið í góðan jarðveg og virðist höfða sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu með starfi. Í boði verða mörg fjölbreytt og spennandi námskeið - sjá nánar á endurmenntun.is
**Umsóknarfrestur til 8. ágúst**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

Orku- og efnahagsmál í brennidepli kosningabaráttunnar vestra:

# Ólík sýn á orkumálaframtíð

**BANDARÍKIN, AP** Demókratinn Barack Obama og repúblikaninn John McCain, sem keppa um forsetaembættið vestra, lýstu í gær ólíkum hugmyndum sínum um það hvernig gera megi Bandaríkin sjálfum sér nóg um orku, enda hækkandi eldsneytisverð eitt mesta áhyggjuefni kjósenda.

McCain, sem hefur mælt með því að byggja allt að 45 ný kjarnorkuver fram til ársins 2030, heimsótti kjarnorkuver í Michigan, ríki þar sem hvorugur frambjóðendanna hefur afgerandi forskot. Obama lýsti á kosningafundum í Ohio nýlegum áformum sínum um að gera Bandaríkin óháð innflutningi olíu frá Mið-Austurlöndum og Venesúela á næstu tíu árum. Ohio er einnig ríki þar sem hvorugur frambjóðandi hefur skýrt forskot.

Efnahagslægðin er skiljanlega mesta áhyggjuefni kjósenda. Hún er enda uppspretta margvíslegra skota frambjóðendanna hvors á annan. „Því miður hefur McCain lagt til orkumálastefnu sem er ekkert annað en fjögur ár enn af því sama,“ sagði Obama í gærkvöldi.

„Mótherji minn vill ekki bora (eftir olíu á landgrunni Bandaríkjanna). Hann vill ekki kjarnorku. Hann vill að þið aukið loftþrýstinginn í hjólbörðunum,“ sagði McCain í Suður-Dakóta, en með þessum orðum vísaði hann til þess að Obama hafði mælt með því að ökumenn ykju loftþrýsting í dekkjum ökutækja sinna í því skyni að spara eldsneyti. **- aa**



**Á FERÐINNI** Barack Obama hefur verið á stanslausu ferðalagi undanfarnar vikur.

Skerðing á 300 þúsund króna uppbót til aldraðra:

# Ráðherra segir skerðingar óviðunandi og verði skoðaðar

**FÉLAGSMÁL** Tekið verður á skerðingum á greiðslum í almenna tryggingakerfinu í kjölfar allsherjar úttektar á kerfinu, sem ljúka á fyrir áramót, segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að aðeins um þriðjungur standi eftir af 300 þúsund króna uppbót til aldraðra sem ekki hafa greiðslur úr lífeyrissjóði. Þriðjungur uppbótarinnar fer í skatta. Þá veldur uppbótin skerðingum á öðrum greiðslum sem nemur þriðjungi til viðbótar.

Fjölmargar ábendingar bárust blaðinu í kjölfarið um álíka skerðingar á bótum og greiðslum í tryggingakerfinu. Í einu tilviki lækkuðu heildargreiðslur eftir að smávægilegar tekjur bættust við.

„Þessar skerðingar eru óviðunandi. Þetta er stóra viðfangsefnið í endurskoðun og einföldun á almannatryggingalögunum sem verið er að vinna að,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir.

Hún segir skerðingarnar sem uppbótin olli ekki hafa komið á óvart, en lífeyrisþegar búi við kerfi þar sem tekjur skerði almennar bætur. Til dæmis skerði greiðslur úr lífeyrissjóði almennar greiðslur frá Tryggingastofnun, og almennu greiðslurnar geti skert greiðslur úr lífeyrissjóði.

„Þetta er það sem lífeyrisþegar hafa þurft að búa við, í allt of langan tíma, og við erum að byrja að vinna okkur út úr,“ segir Jóhanna.

Þegar er búið að auka frítekjumark vegna atvinnutekna, og bætt við frítekjumarki fyrir öryrkja vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Þá er komið inn frítekjumark vegna fjármagnstekna til að koma til móts við þá sem hafa lítilsháttar fjármagnstekjur, að sögn Jóhönnu. **- bj**



**FLÓKIÐ** Verið er að vinda ofan af flóknu kerfi skerðinga segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Volkswagen kynnir nýjar leiðir til að spara umtalsverðar fjárhæðir.

NAME Volkswagen Passat

Þú færð Passat fyrir aðeins 44.750 kr á mánuði*




NAME Volkswagen Polo

Þú færð Polo fyrir aðeins 24.950 kr. á mánuði*




Fíton / SÍA

Aukahlutir á mynd: Álfelgur.

80% lán í að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum sparneytnu bílum á mögnuðum kjörum. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

Volkswagen Passat
Verð áður ~~3.570.000 kr.~~
Verð nú 3.355.000 kr.
*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

Volkswagen Polo
Verð áður ~~1.990.000 kr.~~
Verð nú 1.875.000 kr.
*Beinskiptur Polo Comfortline 1,4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.

Das Auto.

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA



RV Unique – all you need... for cleaning

RV Unique örtrefja-ræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt




UniFlex II H Fiber RV 72095
- fyrir heilbrigðisstofnanir og stærri fyrirtæki



UniFlex Maxi Fiber RV 72015
- fyrir skóla, sjúkrahús og stærri fyrirtæki



UniFlex Mini Fiber RV 72017
- fyrir leikskóla og minni fyrirtæki



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV Unique 080802


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
BELLINI
collezione
LLOYD
SARAR
PAL ZILERI
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
50%
afsláttur
af öllum
vörum
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**SÝNA FÆRNI SÍNA** Landamæraverðir í borginni Basra sunnarlega í Írak sýndu færni sína þegar nýjar höfuðstöðvar landamæralögreglunnar þar í borg voru teknar í notkun nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Viðskiptavinir Vegamóta eiga ekki að þurfa að fara á kassann:

# Þjónusta veitingastaðarins á að vera innifalin í verðinu

Þjónustugjald er innifalið í verði flestra veitingahúsa. Þetta þýðir að þegar neytandi kemur og greiðir fyrir kaffið sitt, þá greiðir hann meira sökum þess að ekkert þjórfé er gefið.

Guðrún Pálsdóttir í Reykjavík sendi Fréttablaðinu bréf: *Um daginn fór ég á Vegamót með vinkonum mínum út að borða. Við biðum fyrst heillengi eftir þjónustu en fengum hana að lokum. Loksins þegar við vorum búnar að borða og báðum um reikninginn þá sagði stelpan að við yrðum að borga hann við kassann. Ég sagði henni að ég vildi fá þjónustu til borðs með reikninginn eins og með matinn, hún sagði að það væri aldrei gert og að við yrðum að fara á kassann.*



**HELGA ÞÓREY** neytendur@frettabladid.is

Óli Már Ólason, einn eigenda Vegamóta, segir að viðskiptavinir staðarins eigi að geta fengið þessa þjónustu til borðs.

„Einu undantekningarnar sem við gerum eru á sumrin úti í garði, stundum kemur mikið af fólki óvænt. Reyndar er okkar reynsla sú að í hádeginu stendur fólk bara upp og fer sjálft að barnum til að borga.“ Óli bætir því við að honum þyki það sjálfsögð þjónusta við viðskiptavini Vegamóta að leyfa þeim að borga sitjandi.

„Það á að vera þannig að ekki eigi að þurfa að ganga að barnum til þess að greiða fyrir þjónustu,“ segir Óli og bætir við að „þeir sem biðja um að fá að greiða við borðið, fá að greiða við borðið“.



**VEITINGASTAÐURINN VEGAMÓT** Einn eigenda staðarins segir að þeir sem sitji inni megi borga við borðið sitt.

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**








**LÍKVAKA Í MOSKVU** Natalja, ekkja Alexanders Solzhenítsyns, kraup við kistu hans í sal vísindaakademíunnar í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Solzhenítsyn kvaddur

**Þótt Rússar beri blendnar tilfinningar til Alexanders Solzhenítsyns var mikið haft við í gær þegar líkkista hans stóð í vísindaakademíunni í Moskvu. Vladimír Pútín vottaði honum hinstu virðingu.**

**RÚSSLAND, AP** Þúsundir Rússa lögðu leið sína að kistu rithöfundarins Alexanders Solzhenítsyn í gær til að votta honum hinstu virðingu sína. Hann verður jarðsunginn í dag við Donskoi-klaustrið í Moskvu.

Hátíðlegur blær var yfir öllu í stórum sal rússnesku vísindaakademíunnar í Mosku þar sem kistan stóð á miðju gólfi umkringd hermönnum sem stóðu heiðursvörð.

Ekkja hans, Natalja, stóð við kistuna ásamt sonum þeirra og barnabörnum. Meðal þeirra sem komu til að votta honum virðingu sína var Vladimír Pútín, sem nú er forsætisráðherra Rússlands eftir að hafa verið forseti landsins í átta ár.

Solzhenítsyn verður jarðsunginn í dag við Donskoi-klaustrið í Moskvu. Hann lést á sunnudaginn fyrir utan heimili sitt í Moskvu af völdum hjartasúkdóms, sem lengi hafði hrjáð hann.

Margir þeirra sem komu í gær til að votta honum virðingu sína þurftu að bíða lengi í röð í rigningu fyrir utan vísindaakademíuna eftir að komast inn. Flestir voru yfir fimmtugt, Rússar, sem lásu bækur Solzhenítsyns þegar þær komu fyrst út á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar.

„Uppáhaldsskáldsagan mín er Krabbameinsdeildin,“ sagði einn syrgjenda, Jevgení Bystrov, þar sem hann stóð með svarta regnhlíf í röðinni. „Það er svo mikil bjartsýni í henni, svo mikil lífsjátning. Hann þröngvar aldrei hugmyndum sínum upp á lesandann, heldur biður mann um að hugleiða málin, og þá áttar maður sig á alvörunni og mikilfengleiknum sjálfur.“

Þriggja binda bálkur hans um dvöl hans í Gulag-fangabúðunum, sem kom út á áttunda áratugnum, fór mjög fyrir brjóstið á valdaklíku Sovétríkjanna og átti stóran þátt í að eyða stuðningi við þau á Vesturlöndum og hvatti jafnframt til dáða heila kynslóð andófsmanna heima fyrir.

Solzhenítsyn var rekinn úr landi árið 1974 og bjó síðan í tuttugu ár í útlegð. Afstaða Rússa til hans er nokkuð blendin. Yngri Rússar líta margir á hann sem strangan og harðneskjulegan fulltrúa liðinnna tíma. Þeir sem enn minnast tíma kommúnismans með hlýju vanda honum ekki kveðjurnar, en á hinn bóginn fældi hann einnig frá sér frjálslynda umbótamenn með dyggum stuðningi sínum við þær skorður, sem Pútín hefur sett lýðræðinu á síðustu árum.

gudsteinn@frettabladid.is







Söguferðir

Ævintýraferð um Pólland 1.-10. september

Fararstjóri í verður Þorleifur Friðriksson, netfang thleif@hive.is
Nánari upplýsingar hjá Söguferðum í síma 564 30 31, soguferdir@soguferdir.net

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**



# Tölvunám haust 2008!
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Sumarskóli 9-16 ára




### Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára
Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. ***Vikunámskeið.***
**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900
*Kennt 11.-15. ágúst kl. 9-12.*

### Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára
Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídóevél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***
**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900
*Kennt 18.-21. ágúst kl. 9-12:30.*

### Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára
Kennt að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS3. ***Vikunámskeið***
**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900
*Kennt 18.-21. ágúst kl. 13-16:30.*

***Tilboð**: Bókaðu tvö eða fleiri námskeið, eða bjóddu vini eða systkini með og fáðu hvert námskeið á aðeins 14.950,-*

**Tryggðu þér sæti núna - hringdu!**

## Tölvunámskeið í ágúst

Við bjóðum fjölda áhugaverðra og gagnlegra tölvunámskeiða í ágúst, meðal annars þessi:

**Excel I: Almenn töflureiknisnotkun**
**Lengd**: 22 st./15 klst. **Verð**: 26.900
**Tímar**: Kennt 9:00-12:00, hefst 25. ágúst.

**Word II: Kraftmikil ritvinnsla**
**Lengd**: 18 st./12 klst. **Verð**: 29.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

**Word: Vinnsla langra skjala**
**Lengd**: 13 st./9 klst. **Verð**: 20.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

**Word: Dreifbréf og markpóstur**
**Lengd**: 4,5 st./3 klst. **Verð**: 9.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 28. ágúst.

**Office 2007: Breytt og nýtt**
Stutt yfirlitsnámskeið um Office 2007.
**Lengd**: 3 st./2 klst. **Verð**: 5.900
**Tímar**: Kennt 13:00-15:00, 19. ágúst.

**PowerPoint I: Glærugerð og notkun**
**Lengd**: 13 st./9 klst. **Verð**: 17.900
**Tímar**: Kennt 9:00-12:00, hefst 18. ágúst.

**PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð**
**Lengd**: 9 st./6 klst. **Verð**: 14.900
**Tímar**: Kennt 9:00-12:00, hefst 21. ágúst.

**Outook II fyrir lengra komna**
**Lengd**: 9 st./6 klst. **Verð**: 14.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 20. ágúst.

**....og fleiri námskeið, skoðaðu www.tv.is**

## Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.
*Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!*
**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900
*Kvöldnám hefst 25. ágúst (19:00-22:00)*

## Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

**Helstu kennslugreinar**
- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið þar sem þú lærir allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.
Talaðu við okkur um greiðslukjör.
**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 55.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

*Hægt er að kaupa aðgang að hvorum hluta námskeiðsins um sig:*

**Photoshop: Ljósmyndir og grafík**
**Lengd**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

**DreamWeaver vefsíðugerð**
**Lengd**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 8. sept.

**Vertu betri, komdu í nám hjá okkur:**

## Starfs- og tómstundanám

### Góð byrjun
**Almennt tölvunám**
**Lengd**: 90 st./60 klst. **Verð**: 79.900
Kvöld- eða morgunnám.

**Tölvuþekking fyrir konur**
**Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 54.900
Kvöld- eða morgunám, tvisvar í viku

**Tölvunám fyrir 50+**
**Lengd**: 72 st./48 klst. **Verð**: 64.900
Síðdegisnám tvisvar í viku

### Bókhald
**Hagnýtt bókhald**
**Lengd**: 94 st./63 klst. **Verð**: 108.900
Morgun (3x viku) - eða kvöldnám (2x viku)

### Skrifstofunám
**Skrifstofu- og tölvunám**
**Lengd**: 200 st./133 klst. **Verð**: 169.900
Morgun (alla) - eða kvöldnám (2x viku)

**Tölvu- og bókhaldsnám**
**Lengd**: 225 st./150 klst. **Verð**: 199.900
Morgun (alla) - eða kvöldnám (2x viku)

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**
**Lengd**: 300 st./200 klst. **Verð**: 249.900
Morgun (alla) - eða kvöldnám (2x viku)

### Vefsíðugerð
**Vefhönnun og myndvinnsla**
**Lengd**: 90 st./60 klst. **Verð**: 109.900
Síðdegisnám, tvisvar í viku

**DreamWeaver, Photoshop og Flash**
**Lengd**: 72 st./48 klst. **Verð**: 76.900
Á ýmsum tímum dagsins

### MCSA og MCP nám
**MCP 70-270:Windows XP Pro**
**Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 99.900
Síðdegisnám, tvisvar í viku

**MCP 70-290:Windows 2003 Server**
**Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 99.900
Síðdegisnám, tvisvar í viku

**MCSA netstjórnun 1. hluti**
**Lengd**: 120 st./80 klst. **Verð**: 174.900
Síðdegisnám, tvisvar í viku, 2 próf innifalin

**MCSA nestjórnun**
**Lengd**: 240 st./160 klst. **Verð**: 329.900
Síðdegisnám, tvisvar í viku, 4 próf innifalin

### Verkefnastjórnun
**Hagnýt verkefnastjórnun**
**Lengd**: 54 st./36 klst. **Verð**: 99.900
Morgunnám, 1x viku á föstudögum

**PRINCE2 verkefnastjórnun**
**Lengd**: 18 st./12 klst. **Verð**: 54.900
Morgunnám eða síðdegisnám

### Forritun
**Visual C# .NET forritun**
**Lengd**: 94 st./63 klst. **Verð**: 159.900
Kvöldnám

**Tímasetningar**: *Morgunnám*: kl. 9-12, *eftir hádegi*: kl. 13-16, *síðdegisnám*: kl 16:15-19:15 og *kvöldnám* 19:30-22:30

## Gott að vita!
- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

**10% afsláttur**
til þeirra sem hafa verið áður hjá okkur, eða kaupa tvö eða fleiri námskeið
Gildir aðeins ef annar afsláttur er ekki í boði.

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tilmæli frá Sameinuðu þjóðunum:

## Hæg þróun í átt til jafnréttis

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna hefur staðið lengi og vissulega hefur þokast, að minnsta kosti í lagalegu tilliti. Í raun er þó langt í land.

Sú skoðun virðist alltaf eiga einhverju fylgi að fagna að kynin séu svo ólík að fullkomnu jafnrétti milli kynja verði aldrei náð. Vissulega er fólk ólíkt, ekki bara kynin sín á milli heldur einnig karlar innbyrðis og konur innbyrðis og benda má á að jafnrétti felst einmitt í að ólíkt fólk, karlar og konur, byggi upp samfélag þar sem ólík viðhorf eru höfð í heiðri og virt.

Ísland er aðili að alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Í síðasta mánuði komu fulltrúar Íslands fyrir nefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd þessa samnings. Í kjölfarið hefur nefndin svo birt tilmæli til íslenskra stjórnvalda.

Nefndin fagnar fáeinum atriðum sem talin eru standa vel á Íslandi. Þar má nefna ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem samþykkt voru í vor og breytingar á almennum hegningarlögum er varða skipulagða glæpastarfsemi og mansal, heimilisofbeldi og kynferðisbrot. Áhyggjuefni nefndarinnar eru þó mun fleiri.

Eitt atriðið sem nefndin bendir á eru vægar refsingar í kynferðisbrotamálum, einkum nauðgunarmálum. Einnig ósamræmi milli fjölda rannsakaðra kynferðisbrotamála og fjölda mála sem leiða til opinberrar ákæru og dóms. Hvatt er til rannsókna á ástæðum þess að fórnarlömb virðast rög við að leggja fram kæru. Einnig leggur nefndin til að refsilöggjöf og lög um meðferð opinberra mála verði endurskoðuð til að ganga úr skugga um að gerendur séu ávallt sóttir til saka og dæmdir í samræmi við alvarleika brots.

Fyrir fáum áratugum báru konur sem höfðu orðið fyrir kynbundnu ofbeldi, nauðgun eða heimilisofbeldi til dæmis harm sinn í hljóði. Sú viðhorfsbreyting hefur skipt sköpum að kynbundið ofbeldi er nú viðurkennt vandamál og úrræði til taks fyrir konur sem fyrir því hafa orðið. En nú er löngu orðið tímabært að taka næsta skref, eins og nefnd Sameinuðu þjóðanna bendir á. Það verður að vinna á þeirri hindrun sem kemur í veg fyrir að ákært sé og dæmt í málum sem varða kynbundið ofbeldi.

Fjöldamörg önnur atriði eru nefnd í tilmælum Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda. Má þar nefna umtalsverðan og stöðugan kynbundinn launamun sem nefndin telur að skýra megi með því að hefðbundin viðhorf um stöðu og hlutverk kvenna lifi góðu lífi í íslensku samfélagi.

Íslensk stjórnvöld hafa gengist undir alþjóðasamþykkt um afnám mismununar gagnvart konum. Ætlast verður til að sá samningur sé tekinn alvarlega og að farið verði af kostgæfni yfir athugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna með það fyrir augum að vinna að úrbótum á öllum sviðum og þróuninni í átt til jafnréttis kynjanna verði hraðað.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af veislum

Barnauppeldi getur vafist fyrir mörgum, enda engin einhlít regla til um það; í það minnsta síðan Dr. Spock var og hét.

Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur er einn þeirra sem blogga um háværr börn á kaffihúsum. Allir þekkja þessa stöðu: börnin hlaupa um öskrandi, foreldrarnir taka ekki eftir þeim nema kannski til að dást að þessum litlu elskum. Aðrir gestir gnísta tönnum.

Ágúst segir í færslu sinni frá slíku hvimleiðu tilfelli, en um leið frá veislum sem hann fer reglulega í: „Fullorðið fólk getur lengur haldið samkvæmi án þess að börnin séu aðalnúmerið og setji upp heimskulegar leiksýningar fyrir fullorðna fólkið löngu eftir miðnætti.“



Já, hver kannast ekki við þetta? Það er spurning hvort Ágústi verður boðið í margar fleiri veislur eftir þetta.

### Þjóðráð

Sveitarfélögin kvarta sáran þessa dagana og vilja fá hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Stór hluti íbúa greiði engan tekjuskatt og því ekkert til sveitarfélaganna.

Kristján Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála, er nú búinn að finna lausn á þessum vanda. Hann vill að sveitarfélögin auki tekjur sínar með því að taka til sín verkefni.

Þetta er þjóðráð. Að vísu myndu þau verkefni kosta eitthvað og fjármunirnir frá ríkinu fara í þau og reyndar hafa sveitarfélög talið sig fá frekar of lítið en of mikið með verkefnum frá ríkinu …en þjóðráð engu að síður.

### Eftirlaun

Bjarni Harðarson er maður sannorður. Nú hefur hann tilkynnt að Davíð Oddsson muni láta af starfi Seðlabankastjóra í vetur. Eins og kunnugir muna var endurskoðun á eftirlaunafrumvarpinu frestað fram á næsta vetur.

Það skyldi þó ekki vera að Davíð ætlaði að skella sér á eftirlaun áður en frumvarpinu hans um eftirlaun verður breytt? Spyr sá sem ekki veit.



kolbeinn@frettabladid.is

## Hin hægri gildi

Ef eitthvað er að marka það sem stendur í frönskum blöðum þessa stundina og þenur sig jafnvel yfir forsíður þeirra, álíta hægri menn nú, rúmu ári eftir kosningasigurinn, að þeir hafi unnið endanlegan sigur í því hugmyndafræðilega stríði sem vinstri menn og hægri hafa háð linnulaust í marga áratugi, nú séu hin svokölluðu „hægri gildi“ orðin einráð í þjóðfélaginu og verði aldrei til eilífðar nóns snúið aftur frá því. Þeir sem hafa fylgst með þróun mála í landinu að undanförnu hafa að vísu ekki greint mikil merki um neina stórstyrjöld, enda er erfitt að ímynda sér nokkurt hugmyndafræðilegt stríð sem franski sósíalistaflokkurinn gæti hugsanlega unnið, eins og nú er komið fyrir honum. En hægri menn tala eigi að síður digurbarkalega, og hafa þeir til marks um sigurinn, að þeir hafa getað komið sínum lagafrumvörpum um „umbætur“ í gegn án þess að verða fyrir nokkurri teljandi mótspyrnu, hvorki innan þings né utan. Eins og forsætisráðherrann sagði hafa Frakkar nú skipt um „stefnu, menningu, gildi og stjórn“.



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Stjórnmál

Þessi „hægri gildi“, sem nú eru sögð hafa sigrað, eru með ýmsu móti og í stundlegum orðræðum er hvert þeirra oft sett upp í andstæðu við eitthvert „vinstri gildi“, sem svo er kallað og valið eitthvert nafn, sem hentar í þessu samhengi, það er „einstaklingshyggja“ á móti „samvinnu“, „skylda“ á móti „réttindum“, „ábyrgð“ á móti „refsingaleysi“, „vinnusemi“ á móti „forsjárhyggju“ og við þetta bætist svo að sjálfsögðu „lágmarksþjónusta“ á móti „verkföllum“, enda lýsti forsetinn ástandinu eftir „sigurinn“ glaðhlakkalega með orðunum: „Þegar verkfall er nú í Frakklandi, tekur enginn eftir því.“

Til að fá skýrari mynd af því sem felst í þessum sigri „hægri gilda“ er kannske rétt að sleppa orðunum og líta þess í stað á gerðirnar, stjórnarstefnuna og framkvæmd hennar eins og hún bitnar á almenningi. Hún er í rauninni ekki flókin og felst fyrst og fremst í því að skera niður og „einkavæða“ að sem mestu leyti þegar því verður við komið allt sem hægt er að kalla „félagslega þjónustu“ og slíkt, og taka svo í leiðinni af almenningi öll þau réttindi sem hann hefur áunnið sér með langri baráttu. Eitt af því sem hefur verið til umræðu um skeið eru breytingar af þessu tagi í heilbrigðisþjónustunni, sjúkrahús eru sameinuð í óskapleg bákn og farið er að reka þau eins og gróðafyrirtæki, hvort sem þau eru einkavædd að öllu leyti eða ekki, og það hefur þá ekki síst í för með sér að lítil sjúkrahús sem ekki eru talin nógu arðvænleg eru umsvifalaust lögð niður. Einn þáttur í þessari þróun hefur mjög verið í sviðsljósinu, og það er fækkun fæðingarheimila: stjórnarfræðingar rýna í tölur, og ef þeir sjá að tala fæðinga á einhverjum stað er fyrir neðan ákveðið lágmark er viðkomandi fæðingarheimili lokað, þó svo að kannske séu hundrað kílómetrar eða svo í næstu fæðingardeild.

Ef það er nú rétt að „hægri gildin“ hafi borið sigur úr býtum, getur almenningur vitanlega engu breytt um þessa þróun, og síst af öllu dugir að vera með einhver mótmæli, því enginn tekur eftir því, eins og forsetinn sagði. En hins vegar er ekki nema eðlilegt að almenningur reyni að laga sig eftir þessu nýja ástandi, og þess sjást nú ýmis merki.

Dæmi um slíka aðlögun var nýlega að gerast í bæ að nafni Sainte-Colombe-sur-Seine í Búrgund austur, sem telur rúmlega þúsund íbúa. Fæðingarheimili þar í sveitinni, þar sem um 230 börn litu dagsins ljós á ári, var lokað frá og með 1. júlí. Því var borið við að barnalæknir og fæðingalæknir á þessum stað væru að hætta störfum og engir hefðu fundist til að taka við störfum þeirra. Íbúar staðarins sögðust hafa fundið þrjá lækna sem væru reiðubúnir til að koma og töldu að þetta væri ekki annað en átylla, allt hefði verið ákveðið fyrirfram. En hvað um það, eftir lokunina var eins og hálfs tíma akstur í næsta fæðingarheimili.

Þá brást bæjarstjórinn í Sainte-Colombe-sur-Seine snarlega við, eins og skyldan bauð honum, og hann gaf út tilskipun sem lagði blátt bann við öllum barnsgetnaði í bæjarlandinu, jafnframt var barnshafandi konum gert skylt að hafa yfirgefið staðinn fyrir 1. júlí. Til að árétta þetta setti hann upp skilti, í stíl venjulegra umferðarskilta, með mynd af barnshafandi konu liggjandi í prófíl og eftirtalinni „Varúð. Læknaauðn.“ Bæjarstjóri í nálægum bæ fór að dæmi hans og bætti því við að héðan í frá fengju öll ung pör ókeypis smokka á kostnað bæjarfélagsins.

Er þetta ekki gott merki um það hvernig þjóðfélagið er að breytast eftir sigur hinna hægri gilda?

## Ráðherra hefur tekið afstöðu

**UMRÆÐAN**

Svandís Svavarsdóttir skrifar um umsögn um nektardansstaði



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar lagt þung lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og þar með virt rannsóknir og reynslu á sviðinu. Í fyrri umsögn sinni um Goldfinger lagðist hann gegn leyfisveitingu, en nú hefur hann verið þvingaður til að breyta afstöðu sinni til málsins. Umsögnin heimilar nú nektardans á staðnum en áður hafði lögreglustjóri sent neikvæða umsögn sem honum var gert að breyta eftir áfrýjun lögmanns Goldfinger.

Það er sárt að horfa upp á slíkar þvinganir og vakna spurningar um hvaða hagsmunir séu í húfi og hverra, auk þess sem hlutverk og gildi embættis lögreglustjórans virðist vera óljóst. Ljóst er að dómsmálaráðherra hefur tekið afstöðu með þeim sem slíkan rekstur stunda en ekki með samþykktum samningum gegn mansali og þeim rannsóknarniðurstöðum sem fyrir liggja um vændi og mansal.

Árum saman hafa sérfræðingar bent á ótvíræð tengsl milli vændis, nektardans, kláms og mansals. Samtök um kvennaathvarfið, Stígamót, Alþjóðahúsið, lögreglan og fleiri hafa jafnframt staðfest að mansal þrífst hér á landi og rannsóknir sýnt fram á að vændi viðgengst á nektardansstöðum. Þrátt fyrir þetta var umsögn lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins talin of huglæg samkvæmt dómsmálaráðuneytinu.

Ísland hefur eins og kunnugt er undirritað alþjóðasamninga gegn mansali, þar á meðal samning Sameinuðu þjóðanna kenndan við Palermo og samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Þegar heim er komið skortir greinilega pólitískan vilja til að fara eftir samningunum.

Baráttan gegn rekstri nektardansstaða er hluti af baráttunni gegn hlutgervingu kvenna, gegn kynbundnu ofbeldi og fyrir jafnrétti kynjanna. Telji yfirvöld ekki unnt að komið sé í veg fyrir rekstur sem sannanlega hagnast á að misnota eymd kvenna er nauðsynlegt að endurskoða lögin og tryggja að það sé unnt. Baráttan gegn vændi og mansali snýst um pólitískan vilja en sá vilji er greinilega ekki fyrir hendi í dómsmálaráðuneytinu. Hverra hagsmuna er verið að gæta?

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# TÍMAMÓTA-SAMKOMULAG

## ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR

Nissan og Ingvar Helgason
hafa gert með sér samkomulag
sem gerir mögulegt að bjóða
glænýjan Nissan með allt að
milljón króna afslætti.

ENNEMM / SÍA / NM34705

NISSAN

IH

Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

# ALVÖRU A

## VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐUNA

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra svo um munar og látum viðskiptavini okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

**100% FJÁRMÖGNUN**

**Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG ERLENDRI MYNTKÖRFU**

**- 900.000 kr.**



### Nissan Patrol SE

Verð áður: ~~6.390.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 77.573 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,41%

**- 470.000 kr.**




### Nissan Qashqai SE

Verð áður: ~~3.890.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.420.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 48.135 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,46%

**- 420.000 kr.**



### Nissan Note Visia

Verð áður: ~~2.510.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 29.524 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,53%

**- 520.000 kr.**



### Nissan X-Trail SE

Verð: ~~4.610.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 57.511 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,44%

ENNEMM / SÍA / NM34836



## 24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef bíða þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.




IH

Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

# FSLÁTTUR

A




**- 1.000.000 kr.**

### Nissan Pathfinder SE

Verð áður: ~~6.490.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 77.573 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,41%

---

**- 340.000 kr.**




### Nissan Micra Visia

Verð: ~~2.190.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 26.165 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,55%

**- 500.000 kr.**




### Nissan Tiida Visia+

Verð: ~~2.890.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.390.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 33.722 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,51%

**- 600.000 kr.**




### Nissan Navara SE

Verð: ~~4.390.000 kr.~~ sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 53.313 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,45%

**- 550.000 kr.**




### Nissan Murano

Verð: ~~7.340.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **6.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 95.294 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,40%

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí

## 100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.
100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma.
Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.

NISSAN

**GERI HALLIWELL SÖNGKONA ER 36 ÁRA Í DAG.**

*„Við erum bara öll að reyna að passa inn í hópinn og finna sjálf okkur, sérstaklega þegar við erum að vaxa úr grasi.“*

***Geri Halliwell er þekktust fyrir að vera söngkona í hljómsveitinni Spice Girls en á eigin tónlistarferli hefur hún þó fengið fjórar Brit Award-tilnefningar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. ÁGÚST 1926

## *Fyrsta konan syndir Ermarsundið*



Gertrude Ederle var fyrst kvenna til að synda Ermarsundið þennan dag fyrir áttatíu og tveimur árum. Áður höfðu fimm karlar synt Ermarsundið en tími Gertrude, fjórtán klukkustundir og þrjátíu og ein mínúta, var tæplega tveimur stundum betri en fyrra met. Met hennar var reyndar slegið seinna sama ár en hélst á meðal kvenna til ársins 1964.

Gertrude varð atvinnukona í sundi árið 1925 og ári seinna tilkynnti hún að hún ætlaði að verða fyrsta konan og sjötti einstaklingurinn til þess að synda Ermarsundið og eftir sundið varð hún þjóðhetja í Bandaríkjunum.

En Gertrude galt afrekið ansi dýrt. Hún varð heyrnarlaus vegna skemmda sem vatnið olli á hljóðhimnum hennar meðan á sundinu stóð. Hún fékk taugaáfall tveimur árum eftir sundið og þurfti að vera í gifsi um bakið í meira en fjögur ár vegna áverka.

Gertrude hafði þó náð sér í kringum árið 1933 og gerðist sundleiðbeinandi fyrir heyrnarlausa krakka.

### MERKISATBURÐIR

1809 Jörundur hundadagakonungur efnir til dansleiks í Klúbbnum í Reykjavík, þar sem nú er hús Hjálpræðishersins.

1907 Lárus Rist fimleikakennari syndir yfir Eyjafjarðarál, klæddur og í sjóklæðum.

1933 Hakakrossfáni er skorinn niður við hús þýska vararæðismannsins á Siglufirði.

1960 Steingrímsstöð, virkjun við Efra-Sog, er vígð við hátíðlega athöfn.

1965 Hljómplata Bítlanna Help! kemur út í Bretlandi.

1992 Kvikmyndin Veggfóður frumsýnd. Myndin hlaut ágætis viðtökur þrátt fyrir að hafa verið ódýr í framleiðslu.

### AFMÆLI



**HARTMANN KR. GUÐMUNDSSON,** Forstöðumaður örtækni, er 50 ára.



**SIGURÐUR PÉTUR BRAGASON** söngvari er 54 ára.



**M. NIGHT SHYAMALAN** kvikmyndaleikstjóri er 38 ára.



**JÓN ÓLAFSSON** athafnamaður er 54 ára.



**ROBIN VAN PERSIE** knattspyrnumaður er 28 ára..



**SIGURÐUR HALL,** stjörnukokkur Íslands, er 56 ára.




*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Helga Víðis Hálfdánarsonar**

Álfaskeiði 104, Hafnarfirði, áður til heimilis á Eskifirði.

Sérstakar þakkir færum við Hlíf Steingrímsdóttur krabbameinslækni.

Ágústa Garðarsdóttir
Jón Garðar Helgason
Edda Dóra Helgadóttir
Hálfán Helgi Helgason
Elise Mathiesen
Ingvar Ingvarsson
Elínborg Sædís Pálsdóttir
og barnabörn.





*Konan mín,*

**Bjarney Ágústa Skúladóttir**

frá Ísafirði, Vallholti 39, Selfossi,

lést mánudaginn 4. ágúst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Kjartan T. Ólafsson.


SKÓLAGARÐAR REYKJAVÍKUR: SEXTÍU ÁRA

# Sögu garða lýst með myndum

Skólagarðar Reykjavíkur voru stofnaðir árið 1948 og verða því sextugir í ár. „Í tilefni af afmælinu ætlum við að halda lokaða veislu í einum skólagarðinum fljótlega fyrir velunnara skólagarðanna og krakkana,“ upplýsir Dagbjört Óskarsdóttir, verkstjóri í Skólagörðum Reykjavíkur. „En svo ætlum við líka að setja upp sögusýningu í formi mynda því við erum búin að sjá að fólk hefur áhuga á að grafa upp sögu Skólagarðanna.“

Skólagarðar Reykjavíkur hafa nálgast myndir fyrir sögusýninguna á Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar en einnig hefur verið auglýst eftir myndum úr einkasöfnum fólks um alla borg og ráðgert er að fanga stemninguna í görðunum öll sextíu árin á sýningunni. „Bæði leiðbeinendur, foreldrar og ljósmyndarar blaðanna hafa verið duglegir að taka myndir svo það er alveg ótrúlega mikið til,“ segir Dagbjört en bætir þó við að enn hafi engar myndir borist frá öðrum en Ljósmyndasafninu. Aðspurð segir Dagbjört að sýningin verði sett upp í Skólagörðunum í Laugardal og standi í nokkra daga frá 15. ágúst næstkomandi.

Dagbjört segir að fleira verði gert í tilefni af afmælinu. „Við ætlum líka að vera með teiknimyndasamkeppni meðal krakkanna sem hafa verið í Skólagörðunum. Stundum koma þau inn í skúr þegar veðrið er slæmt og dunda sér en það hefur auðvitað verið svo rosalega gott veður núna í sumar að minna hefur verið gert af því,“ segir Dagbjört brosandi og útskýrir að teiknimyndasamkeppnin felist í því að teikna merki fyrir Skólagarða Reykjavíkur og verða verðlaun veitt fyrir bestu frammistöðuna. „Við erum því ekki bara að auglýsa eftir gömlum ljósmyndum heldur líka nýjum teikningum,“ upplýsir Dagbjört. Þess má geta að síðasti skiladagur myndanna er 13. ágúst.

Sextíu ára saga Skólagarða Reykjavíkur er þó nokkuð merkileg og hafa margir komið við í görðunum að sögn Dagbjartar. „Fyrstu árin voru tvö hundruð börn í einum garði sem var á Klambratúni en núna eru fimm hundruð og sextíu krakkar bara í Reykjavík,“ segir Dagbjört og heldur áfram: „Mér finnst aðsóknin þó svolítið hafa staðið í stað í Reykjavík undanfarið en ég held að ástæðan sé markaðssetningin. Mér finnst að lítið hafi verið fjallað um þetta í sumar og að starfið hafi því ekki vaxið nóg miðað við fólksfjöldann í borginni.“

„Skólagarðarnir byrjuðu þegar mikill flutningur var á fólki til Reykjavíkur eftir stríð og farið var að skoða hvað ætti að gera við öll þessi ungmenni í skólafríinu. Þá komu upp ýmsar hugmyndir eins og þegnskylda og herskylda en Skólagarðarnir voru eitt af því sem gert var,“ upplýsir Dagbjört brosandi og segir að margt hafi breyst í gegnum tíðina, meðal annars hafi görðunum fjölgað og fleiri tegundir séu ræktaðar í dag en í upphafi.

Nánari upplýsingar um hvert eigi að senda ljósmyndir og teiknimyndir veitir Dagbjört á dagbjort.osk.oskarsdottir@reykjavik.is og í síma 693-2323.

martaf@frettabladid.is



**DAGBJÖRT ÓSKARSDÓTTIR** leitar að gömlum ljósmyndum og nýjum teikningum á sextíu ára afmæli Skólagarða Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kvöldstund með Schubert

Skálholtskvartettinn mun halda tónleika í Skálholti hinn 7. ágúst. Á tónleikunum mun kvartettinn flytja Kvartett í g-moll, Kvartettþátt í c-moll, Kvintett fyrir tvær fiðlur, víólu og tvö selló í C-dúr eftir Schubert.

Skálholtskvartettinn skipa þau Jaap Schröder fiðla, Rut Ingólfsdóttir fiðla, Svava Bernharðsdóttir fiðla og Sigurður Halldórsson selló. Gestaleikari á tónleikunum er Bruno Cocset selló.

Tónleikarnir eru hluti af sumartónleikaröð Skálholtskirkju sem staðið hefur yfir í sumar. Lokatónleikarnir í tónleikaröðinni verða svo haldnir laugardaginn 9. ágúst.

Allar nánari upplýsingar um tónleikana má finna á www.skalholt.is. - stp



**TÓNLEIKAR** Skálholtskvartettinn mun halda tónleika á morgun í Skálholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FLEIRI KONUR KEPPA

Íslandsmótið í motocrossi er hafið að nýju eftir stutt hlé. Keppendum fjölgar stöðugt í þessari íþróttagrein og þá sérstaklega í hópi kvenna.

BÍLAR 2



## DÝRINDIS RÉTTIR

Fiskidagurinn mikli er á laugardag. Alls kyns gómsætir fiskréttir verða á boðstólum, þar á meðal risastór saltfiskspitsa.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.

Dr. Fischer



Fæst í apótekum um land allt

ÚT MEÐ GAMALT
INN MEÐ NÝTT
Komdu á vinalegu húsgagna lagersöluna
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Dugguvogi 2 /Sími 557 9510 / patti.is



Samúel Drengsson segir Tenerife frábæran fjölskyldustað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Uppátækjasamir apar

***Samúel Drengsson, deildarstjóri hjá Byggt og búið, brá sér nýlega til Tenerife ásamt fjölskyldunni og komst í kynni við ærslafulla apa.***

Samúel hefur komið víða við en hann fór nýverið ásamt fjölskyldunni til Tenerife og skemmti sér konunglega. „Stórfjölskyldan fór öll saman í viku. Mér þótti mjög kærkomið að við færum öll saman, nytum þess að slappa af í sólinni og hefðum það almennt gott," segir Samúel og bætir við að upp úr standi heimsókn fjölskyldunnar í dýragarðinn Tenerife Moonkey Zoo Park, sem fáir virtust af einhverjum ástæðum vita af.

„Þessi garður var ansi forvitnilegur fyrir margar sakir. Gestirnir mega til dæmis fara inn í apabúrin og við fjölskyldan gerðum það," rifjar Samúel upp. „Þarna máttum við síðan valsa um innan um apana eins og ekkert væri en þeir stukku í fangið á manni leitandi að vínberjum."

Faðir Samúels var þó ekki á þeim buxunum að fara inn í búr og hélt sér í hæfilegri fjarlægð þar sem hann myndaði apana í gríð og erg. „Svo náðum við loksins að plata hann inn í eitt búrið, en þá læddist ég aftan að honum og setti nokkur vínber ofan á bakpokann hans. Aparnir tóku auðvitað strax eftir vínberjunum og hlupu og stukku á eftir pabba greyinu sem átti fótum sínum fjör að launa við að komast undan," segir Samúel, sem er staðráðinn í að fara aftur fljótlega til Tenerife og þá meðal annars vegna þess hversu fjöskylduvænn staðurinn er.

*mikael@frettabladid.is*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Ævintýrin liggja í loftinu!
Vestmannaeyjar frá 3.990 kr.
Flugvallarskattar innifaldir, takmarkað sætaframboð, einungis bókanlegt á netinu.




ER ÞÉR HEITT?
-LOFTKÆLING
-RAKATÆKI
-VIFTUR
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kóp.
S: 566-6000
netverslun ishusid.is



**Hagnaður** vörubílaframleiðandans Volvo nam 7,5 milljörðum sænskra króna á öðrum ársfjórðungi miðað við 6 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra. Afkoma félagsins var nokkuð yfir væntingum markaðsaðila.



# Fleiri konur í motocrossi

***Íslandsmótið í motocrossi hófst aftur á laugardag eftir stutt hlé en keppendum í íþróttinni hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár.***



Ungt fólk byrjar vanalega að keppa um tólf ára aldur. MYND/SVERRIR JÓNSSON

„Iðkendum í motocrossi hefur fjölgað töluvert síðastliðin ár og áhugi kvenna aukist til muna. Kvennaflokkurinn er orðinn gífurlega stór. Í kringum þrjátíu konur tóku þátt í síðustu keppni en fyrir um fjórum árum voru þær bara tvær. Það er kannski stærsta breytingin. Þetta eru konur á öllum aldri sem eru margar hverjar að verða alveg ótrúlega góðar,“ útskýrir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður Vélhjólaíþróttaklúbbsins VÍK, en Íslandsmótið í motocrossi hófst aftur á laugardag eftir stutt hlé.

„Einhverra hluta vegna hefur skapast sú hefð að taka pásu um mitt sumarið. Þetta er fjölskylduvænt sport og menn vilja því hreinlega fá hlé, sem er nokkuð óvanalegt en ósköp þægilegt,“ útskýrir Hrafnkell. „En það er algengt að heilu fjölskyldurnar stundi motocross. Við feðgarnir erum til dæmis



Kvennaflokkur motocrossins hefur farið ört stækkandi síðustu ár. MYND/SVERRIR JÓNSSON

þrír í þessu,“ upplýsir hann og bætir við að kona hans styðji iðkun þeirra heilshugar. „Það er auðvelt að smitast mjög fljótt.“

Talið berst því næst að aldri keppenda en Hrafnkell segir þá vera alveg frá tólf ára aldri og upp undir fimmtugt. „En þetta er gríðarlega erfitt.“ Spurður um í hverju það felist svarar hann hlæjandi. „Ímyndaðu þér bara eitthvað það erfiðasta sem þú hefur gert. Motocross er svolítið erfiðara en það.“

Hrafnkell segir þátttöku krefjast mikilla æfinga og góðs úthalds enda æfi keppendur mörgum sinnum í viku. „Þeir sem æfa mest taka léttar lyftingar eða hlaup fyrri part dags, svo er hjólaæfing á kvöldin,“ útskýrir hann.

Þrátt fyrir að íþróttin sé erfið



Motocrossið þarfnast mikillar þjálfunar og úthalds og æfa sumir keppendur mörgum sinnum í viku. MYND/SVERRIR JÓNSSON

segir Hrafnkell hana mjög skemmtilega. „Þetta er rosalegt adrenalín og mikil keyrsla. Að finna þreytuna og eins og að allt sé búið, en geta þó ekki beðið eftir því að þreytan fari til að komast aftur á hjólið.“

martaf@frettabladid.is
























**Hjólreiðafélag Reykjavíkur** býður upp á mismunandi hjólreiðaferðir. Félagið heldur Meistaramót Íslands í fjallahjólreiðum sunnudaginn 10. ágúst. Allar nánari upplýsingar um mótið er að finna á www.fjallahjolaklubburinn.is.



# *Stærsta flatbaka á Íslandi*

***Fiskidagurinn mikli er á laugardag. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum í ár, meðal annars stendur til að baka 120 tommu flatböku, sem verður hugsanlega sú stærsta á Íslandi.***



Gert er ráð fyrir því að rúmlega 30.000 manns mæti á fiskidaginn mikla í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Fiskidagurinn mikli hefur hlotið þvílíkar viðtökur síðustu ár að jafnvel bjartsýnustu menn eru agndofa, en íbúafjöldinn á Dalvík rúmlega sextánfaldaðist á síðasta ári þegar 33.000 manns lögðu leið sína þangað. Nú á að gera enn betur og auk fastra liða, eins og heimalöguðu fiskisúpunnar margrómuðu og skemmtidagskrár, á að brydda upp í ýmsum nýjungum.

„Fyrst ber að nefna að við ætlum að baka 120 tommu saltfisks-pítsu sem er hugsanlega stærsta pítsa á Íslandi,“ segir Júlíus Júlíusson framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla. „Við létum líka sérsmíða pitsuhníf sem er með þremur blöðum úr fiskflökunarvélum svo við gætum skorið pitsuna.“



Hér sést Elías Björnsson, starfsmaður Promens, munda pitsuhnífinn sem notaður verður til að skera risapítsuna. Pítsuverkefnið er samvinnuverkefni Fiskidagsins mikla á Dalvík, Ektafisks á Hauganesi, Greifans á Akureyri og Promens á Dalvík. MYND/ÚR EINKASAFNI

Í flatbökuna, sem er einn fimm nýrra rétta á fimmtán rétta matseðli Fiskidagsins, er áætlað að fari um eitt og hálft tonn af hráefni, þar með talið hálft tonn af deigi, hálft tonn af osti og heill hellingur af lauk, ólífum og auðvitað saltfiski. Flatbakan verður svo elduð í stórum ofni í einu lagi í Promens, sem áður hét Sæplast, en ofninn er vanalega notaður til kerагerðar. Áætlað er að hún gefi af sér 9.000 sneiðar.

„Svo ætlum við líka að búa til hús úr fiskikerum frá Promens sem hýsa á risamyndlistarsýningu með 800 myndum,“ segir Júlíus. „Það eru 1. bekkingar frá 40 skólum víðs vegar um landið sem hafa teiknað og eru allar myndirnar af fiskum, enda kallast sýningin Margt býr í hafinu.“

Upplýsingar um hátíðina og ítarlega dagskrá má finna á www.fiskidagur.muna.is.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Allar í Árneshrepp

***Kvennaferð verður farin í Árneshrepp á Ströndum á vegum Ferðafélags Íslands dagana 13. til 17. ágúst.***

Þar sem vegurinn endar er yfirskrift kvennaferðar í Árneshrepp á Ströndum, sótt í bókartitil Hrafns Jökulssonar. Ekið verður í rútu norður og gist á Valgeirsstöðum þar sem pláss er fyrir 20 í húsi en auk þess er tjaldstæði með góðri aðstöðu.

Gönguferðir verða alla fimm dagana nema þann síðasta og áformað er að sigra ýmis fjöll í sveitinni eins og Urðarfjall, Lambatind (854 metrar) og Reykjaneshyrnu. Auk þess verður gengið fyrir Kamb frá Veiðileysuhálsi. Það er létt sex til sjö tíma ganga meðfram ströndinni. Einnig verður ekið til Djúpavíkur og komið við á safninu Költ. Í bakaleið úr Trékyllisvíkinni er ekið um Tröllatunguheiði með viðkomu á Drangsnesi. Fararstjórar verða Elín S. Óladóttir og Helga Garðarsdóttir.



Að sjálfsögðu verður farið í sund í hinni óviðjafnanlegu Krossneslaug í fjörunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðið er 57.000 til 60.000 krónur og innifalið er rúta, fararstjórar, gisting, matur, sund og söfn.

*-gun*

BYLGJAN
BER AF




Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008.
Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

Ævintýri á sjó

Hvalaskoðun 2,5 - 3,5 klst
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Lunda tímabil

| Apríl | Maí | Júní | Júlí | Águ | Sept | Okt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| | | 17:00 | 17:00 | 17:00 | | |



Sjóstangaveiði 3 - 3,5 klst
Alla daga kl 11:00.
Allur búnaður til veiðanna innifalinn.



Viðey - Saga, náttúra og list
Siglingar á klst fresti.
Viðeyjarstofa opin frá 11:30 til 17:00.
Skemmtileg dagskrá í allt sumar.
Barnahátíð sunnudaginn 10. ágúst



Öðruvísi og skemmtileg upplifun!

Elding
adventure at sea

Hvalaskoðun Reykjavík
www.elding.is
sími: 555 3565

Súpersól til
Búlgaríu
18. - 31. ágúst
49.990

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú síðustu sætin 18. ágúst í 13 nætur á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.



Aðeins örfá sæti í boði

Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 49.990
Nettverð á mann, m.v. 2 - 4 í hótelherbergi / stúdíó / íbúð í 13 nætur, 18. - 31. ágúst.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku.
Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


## Verslun


ÚTSALA ÚTSALA 30 - 90 afsl.

ÞERNU BÚNINGUR SVUNTA PILS VÖNDUR HÁLSBAND Áður 7.995 995

Egg MEÐ SÍLIKONHULSU Áður 3.995 595

FIÐRILDI MEÐ HRAÐASTILLIR Áður 6.995 995

ÞRÁÐLAUST EGG DREGUR 20 M VATNSHELT Áður 11.995 3.995

KANÍNU TITRARI MEÐ ÁFÖSTU EGGI Áður 6.995 1.995

Rómantík.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
( Horninu á Frakkastíg)
Opið: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18

amor
Egg í miklu úrvali
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is


## Óskast keypt

Óska eftir Svörtu kvenhjóli m/ körfu,þunnri fartölvu,Ektorp svefnsófa. S 868 7619

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Gott píanó til sölu 130.000 krónur. Sími 8465765 eða hallagunnars@hotmail.com

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Varies building materials, doors, timber mouldings, varies timbers. Tilb. S. 892 7204.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Svæðameðferð**
Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!!

Whole body massage Telepone 846 4768.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Sófasett til sölu frá Tekk company. 3ja ára. 2+1+1. V 40 þús. s. 848 3271.



Glæsilegt, danskt antiksófasett frá 1930 til sölu. Handútskorið, með upprunalegum áklæðum í góðu ásigkomulagi. Upplýsingar í síma 699 6434.

## Dýrahald

CHIHUAHUA rakkar b/t snöggir tilb að heiman uppl á berglilja@hive.is e i s:856-1772 / 431-4849

Tveir fallegir og góðir hvolpar fást gefins, sjá www.perlaoghvolparnir.blog.is eða 6624595

Poodle blendings hvolpar til sölu. uppl. í S. 849 6700

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

Lítil íbúð til leigu á Siglufirði. Rúm eða svefnpokapláss. Uppl. í S. 895-8509

## Fyrir veiðimenn

Veiðileyfi - Sjóbleikja Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451-3343 og GSM 6634628

MAÐKAR TIL SÖLU. Lax og silungsmaðkar uppl í síma 6921813.

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

**Gæsaveiðiland**
Óskast til leigu á suður eða vestur landi. S. 897 2568 Rögnvaldur.

## Hestamennska

Gott rúlluhey til sölu,fullþurrkað. Skoða einnig skipti á pickup jeppa í skiptum fyrir hey. Uppl í síma 8924811,Kristján

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



Falleg nýuppgerð 4 herbergja íbúð á svæði 104 til langtímaleigu eða sölu. Leiga 180.000 á mánuði m/rafmagni og hita. Aðeins reyklaust og áræðanlegt fólk kemur til greina. Uppl í síma 895 9089 eða leiguibud@visir.is

Gesthouse for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. From 45 thosund pr.month. Call 824 4532.

Á besta stað í bænum í FOSSVOGI með útsýni yfir dalinn. 4 herb. 85 ferm íbúð til leigu. er laus núna. verð 155.000.- uppl. 6934532

Til leigu 78 fm 3 herb. íbúð á svæði 101. Leiga 139 þ. með rafm. og hita. Uppl. í s. 822 0311.

Einbýlish 144 fm m/húsg. að hluta til. Leigist frá 1 sept. í 7-9 mán. reglus. reykl.án dýra.Leiga á mán.150 þ.Uppl. í síma 849-0315

Til leigu. herb. m. aðgang að baði og eldhúsi. uppl. 8209914

Óska eftir fallegum, skemmtilegum, reyklausum og fjárhagslega heilbrigðum leigjanda/leigjendum frá og með 1 september - getur losnað fyrr. Neðri hæð í einbýlishúsi í Grafarholti, 90 fm, 3 herbergi.

Góð 2 herbergja rúmlega 70 fermetra kjallaraíbúð í 101 Reykjavík til leigu frá 1. september til 31. maí 2009. Leiga 120.000 kr. á mánuði. Hiti og rafmagn ekki innifalið. Upplýsingar í síma 5527989 eða 8655618

2 herb. íbúð í Reykjanesbæ til leigu strax. Uppl. í s. 848 7159.

Snyrtilegt og nýstandsett 15 fm. herb. til leigu í Kóp., við rætur Fossvogsdalsins. Sér inngangur, WC og vaskur. Leiga 45 þ. á mán., með hita og rafm. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Uppl. í s. 564 0060 & jonkth@simnet.is

76 fm 2 herb. íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli. Verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

**Hraunbær**
Rúmgott herb. m. húsgögnum til leigu. Aðgangur að fullbúnu eldhúsi, baði, sjónvarpsholi + interneti. Hentar jafnt pari sem einstaklingi. Langtímaleiga. Reglusemi skylirði. V. 52 þús. á mán. + 2 mán. í tryggingu. S. 866 6291.

Til leigu 4 herb. 105 fm íbúð í Vestubæ Reykjavíkur. Ískápur og uppþvottavél fylgja. Laus fljótlega. Nánari upplýsingar í síma 6602046

4. herb. 110 fm íbúð á besta stað í Kóp. til leigu. Aðeins rólegir og reyklausir koma til greina. Sími 899 0064.

Herb. til leigu f. reglusama stúlku. Bý nálægt Kennó. Uppl. í s. 552 0952.

2 manna herb. í Álftamýri til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 899 6876 e. kl. 17.

Til leigu 3-4 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Meðleigjandi óskast í frábæra íbúð á svæði 101 búin húsgögnum. Uppl. í 6624285. Flatmate wanted for a charmant flat in zone 101, it is fully furnished. No couples. Mobile 6624285. Price 70 000.

101 stúdíó 30 fm Tryggvag. 6. 80 þ. Fráb. úrtsýni yfir höfnina. S. 896 9694.

Til leigu 56 fm. íbúð á 3. hæð með frábæru útsýni í Trönuhjalla, Kópavogi. 2 herb. svalir og helmingur af geymslu. Áhugasamir hringi í s. 565 6308 & 699 2379 stellapolaris@internet.is

Góð herb. uppá Höfða til leigu með aðgangi að baði, eldh. ofl. Leiga 55 þ. S. 860 0261.

2. Herbergja íbúð, sér garður í 108. Reglusemi, bankatrygging S. 663 3899.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki óskar eftir íbúð í gönguf. við miðbæ Rvk, til leigu f. fornleifafr. í ca.1ár. með/án húsg. Uppl. sendist á ljosleidir@hive.is og s.863-8099

2 lettneskar stelpur óska eftir íbúð í 101 eða Skeifunni. Greiðslug. 60-70 þ. S. 662 8943.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdío íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

óskum eftir ca.50 fm geymlsu/lagerhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Helst með innkeyrsluhurð. Upplýsingar á info@dd.is eða í síma 661 7085

## Sumarbústaðir

Til sölu lóðir undir sumarhús á góðum stað í Grímsnesi ca. 75 km. frá Reykjavík. Uppl. í síma 8683592.www.lyngborgir

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

## Bílskúr

Bílskúr til leigu á svæði 109 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

## Örlagalínan
Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.
Fyrir nánari upplýsingar hringið síma 863 8055 & bjork@nt.is

## Gullnesti Grafavogi
Auglýsir eftir íslenskumælandi starfsfólki í fullt starf og á grill.
Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.

## Félagsmiðstöð eldri borgara Norðurbrún BAÐÞJÓNUSTA - 80% STARF
Á Norðurbrún gefst íbúum kostur á að fá aðstoð við persónuleg þrif.
Leitum að starfsmanni sem : er með reynslu að veita baðþjónustu eða persónulega þjónustu
hefur til að bera einstaka færni í mannlegum samskiptum
talar íslensku
Við bjóðum upp á:
mjög góða vinnuaðstöðu
sveigjanlegan vinnutíma
gott starfsumhverfi
Starfsmaður þarf að geta byrjað sem allra fyrst. Nánari upplýsingar veitir Berglind í síma 411-2760

Óska eftir smiði eða manni vönum smíði með meirapróf fjölbreytt vinna. Uppl. í síma 892 0053 Kristján.

Vantar vanann vélamann helst með meirapróf v/lagningu ljósleiðaralagna á höfuðb.sv. Uppl. í s. 893 2550 eða dorib@hive.is

## Grillhúsið
óskar eftir þjónum í sal, íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við Lindu í s. 697 6797 eða 562 3456.

Vantar vanann mann í múrviðgerðir og flísalögn. Þarf að tala íslensku og vera reglusamur. Uppl. í s. 697 8763.

## C.P verktak auglýsir
Óska eftir bókhaldsvinnu og eftirlitsstörfum ýmiskonar. Hafið samband í s. 561 3518.

## Veitingahúsið Hornið
Veitingahúsið Hornið óskar eftir að ráða aðstoð í eldhús. Unnið er vaktavinnu. Einnig vantar aðstoðarpizzubakara. Unnið er um helgar. Sendið mail með mynd á hornið@hornið.is

## Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

## Vélavörður
óskast á Kristrúnu RE 177 sem rær á grálúðunet og frystir aflann um borð. Uppl. í símum 892 5374 & 821 7306.

## 908 6666
Erum tveir í góðum gír. Leiðist þér í sumarfríinu. Hringdu í okkur. Opið allan sólarhringinn.

## SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

## 50-70% Sölustarf í verslun
Vinnutími frá 14-18 alla virka dag og 11-17 annan hvern Laugardag. Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og tilfallandi störf.
Farið er fram á lágmarks kunnáttu á tölvur, jákvæðni og góða þjónustulund.
Æskilegur aldur 25 ára og eldri.
Umsókn sendist á rumgott@rumgott.is
Uppl. í síma 5442121

## Hjá Jóa Fel
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í kaffihúsið og bakaríð hjá Jóa Fel í smáralindinni. Einnig vantar okkur starfsfólk í Kringluna og Holtagarðana. Íslenskukunnátta skilyrði.
Upplýsingar gefur Hulda í síma 695 2135 v/ Smáralindar og Dóra í síma 861 2417 v/ Kringlu og Holtagarða.

## Atvinna í boði
óskum eftir að ráða menn í húsaviðgerðir / múr og steypuvinnu, þurfa ekki að vera vanir.
Uppl. í s. 517 0117

## HELGARVINNA - AUKAVINNA FÉLAGSMIÐSTÖÐ ELDRI BORGARA NORÐURBRÚN
Við bjóðum upp á helgarvinnu frá kl. 10.00 - 15.00 tvær helgar í mánuði. Starfið felst í framreiðslu matar, almennum eldhússtörfum - ekki matseld. Hentar fólki á öllum aldri sem vill vinna á notalegum vinnustað. Leitum að starfsmanni: til framtíðar sem getur unnið sjálfstætt talar íslensku er snyrtilegur og þjónustulundaður
Nánari upplýsingar veitir: Sigríður í síma 411 2760.

Café VICTOR

## Café Victor
Café Victor óskar eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki, bæði í fulla vinnu og helgar aukavinnu, þjónum í sal og barþjónum. Fín laun í boði fyrir gott fólk. Reynsla fín en ekki nauðsyn.
Upplýsingar veitir Tómas í s. 697 9001 eða tomas@victor.is

## Atvinna óskast

## Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Lækjarbrekka
Alltaf sigild - Alltaf ljúf

## Veitingahúsið Lækjarbrekka
Ræstingar og uppþvottur á Lækjarbrekku Vinnutími er 100% starf í vaktavinnu, unnið er aðra hverja helgi Í starfinu felst að ræsta veitingastaðinn á morgnanna, svokölluð „extra" þrif og uppþvottur Hæfniskröfur - hentar best 35-45 ára - heiðarleiki - rösk og vönduð vinnubrögð - erlendir umsækjendur þurfa að vera með góða íslenskukunnáttu og með gildandi atvinnu- og dvalarleyfi
Nanari upplýsingar veitir Sigríður 691-2435 alla virka daga milli 10-12 og 14-18, sigridur@laekjarbrekka.is

## RÆSTING FÉLAGSMIÐSTÖÐIN NORÐURBRÚN
Okkur vantar starfsmann í hlutastarf að degi til. Um framtíðarstarf er að ræða og þarf starfsmaður að geta byrjað sem fyrst. Leitum að starfsmanni:

helst með reynslu af ræstingum

sem er sveigjanlegur og góður í samstarfi

sem talar íslensku.
Nánari upplýsingar gefur Sigríður í síma 411 2760.

## HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óskum eftir röggsömum starfsmönnum á þjónustustöðvar okkar á Akureyri og Egilsstöðum. Störfin fela m.a. í sér þjónustu á hjólbarðaverkstæði og smurstöð. Reynsla æskileg. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Dekkjahöllin s. 4623002(AK) og 4712002(EG)

Restaurant on Laugavegur is looking for an experienced chef Call Ivan - 8493875

## Bakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 10-18 & 06-13 Möguleiki á helgarvinnu. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Háseta vantar á Pál Jónsson GK-7. Veiðar hefjast að loknu sumarleyfi 15. ágúst. Aðeins maður vanur línuveiðum kemur til greina. Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 856 5765.

Sjómaður óskast á nýjan beitningarvélabát. Báturinn gerir út frá Tromsø svæðinu í Noregi. Næg veiði og góð laun í boði í Norskum krónum. Eingöngu menn með reynslu. S. 0047-95784028 S. 896-7301

## Verkfag ehf.
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

## Íslagnir - Rafverkatakar
Óskum eftir rafvirkjum. Uppl. í s. 860 4507 & 849 4007 milli kl. 14-17 eða á islagnir@islagnir.is.

## HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Serious girl from Latvia 26,looking for any kind of job in office. Master's degree in Finance, good EN,RU,LV. PC.Ph.8471514 Indra

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

Óska eftir vinnu í járniðnaði. S:6151351

S.O.S 31 árs mann bráðvantar atvinnu. Allt kemur til greina. Helst 8-5 vinna. Er með meirapr. og vinnuvélaréttindi. Hef unnið við útkeyrslu, sölumennsku, lager, framleiðslu og matreiðslu (ekki lærður). Uppl. í s. 694 3480 eða oho77@visir.is Ólafur.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 770 0970.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

## 908 6666
Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt.
Opið allan sólarhringinn.

## ATVINNA

AMERICAN STYLE
ERT ÞÚ HEIMAVINNANDI?
Veitingastjóri, kvöld- og helgar, óskast á veitingastaði American Style í Skipholti og Nýbýlavegi
Vilt þú starfa í líflegu umhverfi, 2-3 kvöld í viku og aðra hverja helgi?
Hæfniskröfur:
Reynsla af heimilisrekstri
30 ára eða eldri
Hæfni í mannlegum samskiptum
Geta unnið vel undir álagi
Í boði er 70% starfshlutfall, full þátttaka í öllum störfum, jákvæður starfsandi, traust fyrirtæki og mjög samkeppnishæf laun.
Allar nánari upplýsingar veitir Herwig: atvinna@foodco.is .
Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

Shell

## Smart starfsfólk
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust
Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.

## Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

## Leikskólinn Rofaborg
Óskar eftir aðstoð í eldhús. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta leyst matráð af í forföllum.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 587 4816 eða 693 9863 frá kl. 08-17.

## Select Garðabæ
Óskum eftir að ráða vaktstjóra og starfsfólk í hlutastörf á nýja Select við Litlatún í Garðabæ. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar veitir Jóhanna stöðvarstjóri í síma 565 8743 eða á starf@skeljungur.is.

## Prikið auglýsir.
Vantar starfsfólk í vetur, bæði í fulla vinnu og hlutastörf. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Áhugasamir hafið samband við Þórhildi í síma 694 5553.

## Félagsmiðstöðin Norðurbrún - Ert þú til í allt
Leitum að starfsmanni í 100% starf. Um er að ræða dagvinnu í Norðurbrún og nágrenni. Starfið er mjög fjölbreytt og tengist þjónustu við eldri borgara á ýmsan hátt svo og starfssemi inni í húsinu. Starfsmaður þarf að vera: með góða verkfærni sveigjanlegur þjónustulipur talandi á íslensku
Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, jákvæðan starfsanda og sveigjanleika til að þróa sig í starfi. Nánari upplýsingar veitir Berglind í síma 411 2760.

## TIL SÖLU

## Travel John ferðaklósett leysa málið
Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.



Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## VANTAR ÞIG
### SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

allt atvinna
Alla sunnudaga




## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR ÓSKAR EFTIR REKSTRARSTJÓRA

**Kampur er ný frístundamiðstöð sem hefur starfað í eitt ár og hefur umsjón með frístundastarfi fyrir íbúa Miðborgar og Hlíða. Kampur rekur 3 félagsmiðstöðvar, 3 frístundaheimili, siglingaklúbbinn Siglunes og Ylströndina í Nauthólsvík.**

**ÁBYRGÐARSVIÐ:**
- Fjárhagsáætlunargerð
- Umsjón og eftirlit með launaskilum
- Samþykkt reikninga og kostnaðareftirlit
- Rekstur húsnæðis og tækja
- Þróun verkferla og rekstrarfyrirkomulags

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Viðskiptamenntun og/eða reynsla á sviði viðskipta eða rekstrar
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum

**Æskilegt er að rekstrarstjóri hafi bíl til umráða.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Selma Árnadóttir, forstöðumaður Kamps, í síma 411-5560, netfang selma.arnadottir@reykjavik.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 11. ÁGÚST 2008.
UMSÆKJENDUR ÞURFA AÐ HEFJA STÖF SEM FYRST.**

**Hægt er að sækja um rafrænt á www.rvk.is/starf merkt frístundamiðstöðin Kampur - rekstrarstjóri.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

*Vinnustaðagreining framkvæmd af Capacent fyrir ÍTR

ÍTR

KAMPUR
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



# Kertafleyting á tjörninni

Kertafleyting í minningu fórnarlamba kjarnorkusprengjanna í Hiroshima og Nagasaki fer fram við Reykjavíkurtjörn í kvöld, 6. ágúst, klukkan 22.30. Kerti verða seld á staðnum og kostar hvert þeirra 500 krónur. Hægt er að fá þrjú stykki á 1.200 krónur.

6. ágúst árið 1945 vörpuðu Bandaríkjamenn kjarnorkusprengjunni „Litli strákur“ á Hiroshima og eyðilögðu eða skemmdu 90 prósent bygginga borgarinnar. Sprengjan sprakk beint fyrir ofan sjúkrahús borgarinnar. Talið er að 140.000 manns, flestir óbreyttir borgarar, hafi látið lífið í sprengingunni og þúsundir í viðbót látist vegna geislamengunar.

Þremur dögum síðar, 9. ágúst, vörpuðu Bandaríkjamenn svo annarri sprengju á Nagasaki. Borgin var reyndar varaskotmark en vegna skýjafars var hætt við að sprengja borgina Kokura. Litlu munaði að sama yrði uppi á teningnum í Nagasaki en á síðustu stundi rofaði til svo hægt var að varpa sprengjunni.

80.000 mans létust í kjarnorkusprengjunni, margir þeirra flóttamenn sem lifað höfðu af sprengjuárásina á Hiroshima.

-tg



**FÓRNARLAMBANNA MINNST** Fjöldi fólks leggur árlega leið sína niður að Reykjavíkurtjörn til að minnast þeirra sem létu lífið í kjarnorkuárásum Bandaríkjamanna í síðari heimsstyrjöldinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI



**PARÍSARDAMA** Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari er með tónleika í Hömrum á Ísafirði annað kvöld klukkan 20.

# Fagurt flautað í Hömrum

Í Hömrum á Ísafirði býðst tónlistarupplifun annað kvöld þegar Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari heldur þar tónleika, en tónleikar Hafdísar eru hluti af tónleikaröðinni „Sumar í Hömrum“ sem Tónlistarfélag Ísafjarðar stendur fyrir.

Á tónleikunum mun Hafdís leika verk eftir Telemann, Kuhlau, Tomasi, Piazzolla og Takemitsu, auk nýs verks eftir Ásrúnu I. Kondrup, sem samið var sérstaklega fyrir Hafdísi á vormánuðum 2008.

Hafdís lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla Kópavogs árið 2002 og B.Mus.-gráðu frá Listaháskóla Íslands vorið 2005. Hún hefur síðastliðin þrjú ár stundað framhaldsnám í flautuleik í París hjá Philippe Pierlot, en næstu tónleikar Hafdísar hérlendis verða í Laufáskirkju í Eyjafirði hinn 16. ágúst og Viðeyjarkirkju á menningarnótt, 23. ágúst.

- þlg



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín H. H. Magnúsdóttir**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 1. ágúst sl.

**Arndís R. Magnúsdóttir** — **Gunnar G. Kristjánsson**
**Magnús Á. Magnússon** — **Hrafnhildur Ingólfsdóttir**
**Sverrir S. Magnússon** — **Svala H. Jónsdóttir**
**Sævar Magnússon** — **Halla Þ. Stephensen**
**Halla B. Magnúsdóttir** — **Þorsteinn G. Ólason**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólafía Pálsdóttir**
Sléttuvegi 23, áður Langagerði 74, Reykjavík,

sem lést 28. júlí sl. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 8. ágúst kl.13.00.

**Guðmundur Pálmi Kristinsson** — **Ragnheiður Karlsdóttir**
**Hrönn Kristinsdóttir** — **Brynjólfur Helgason**
**Ólafía Pálmadóttir** — **Halldór Már Sverrisson**
**Karl Pálmason** — **Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir**
**Kristinn Pálmason** — **Unnur Eir Björnsdóttir**
**Pálmi Örn Pálmason**
**og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður og faðir,*

**Magnús Karlsson**
Mímisvegi 8, Reykjavík,

lést sunnudaginn 27. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga, sími: 560 4812.

**Bára Guðmannsdóttir**
**Guðmann Sigurgeir Magnússon**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingileif Steinunn Þórarinsdóttir**
Sólvangi, áður Lækjargötu 16, Hafnarfirði,

andaðist á Sólvangi í Hafnarfirði 3. ágúst sl.

**Tómas Guðnason** — **Jónfríður Halldórsdóttir**
**Þórarinn Guðnason** — **Anna Eymundsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Eiríkur Guðmundsson**
fyrrverandi mjólkurbílstjóri, Grænumörk 3, Selfossi,

lést á Kumbaravogi 2. ágúst síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Margrét Benediktsdóttir**
**Ingvar D. Eiríksson** — **Eygló Gunnarsdóttir**
**Óli Jörundsson**
**Þorbjörg Henný Eiríksdóttir** — **Bjarni Einarsson**
**Sigurður Eiríksson**
**Guðmundur Eiríksson**
**Benedikt Eiríksson** — **Helga Haraldsdóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir** — **Valdimar Valdimarsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Lilja Sveinbjörnsdóttir / Lillý**
Keldulandi 13, Reykjavík,

sem lést 25. júlí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. ágúst kl. 11.00.

**Pétur Bjarnason**
**Sveinbjörn Fjölnir Pétursson** — **Birna Imsland**
**Þóra Birna Pétursdóttir** — **Júníus Guðjónsson**
**Fjóla Pétursdóttir** — **Pétur Sverrisson**
**Olga Björk Pétursdóttir** — **Sigurður Sigurþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamömmu, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Sigríðar Kristínar Pálsdóttur**
Stóru-Sandvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi fyrir góða umönnun.

**Ari Páll Tómasson** — **Guðrún Guðfinnsdóttir**
**Rannveig Tómasdóttir** — **Viðar Ólafsson**
**Magnús Tómasson** — **Líney Tómasdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Olgeir Sigurðsson**
Kóngsbakka 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 29. júlí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 6. ágúst kl. 15.00.

**Ragnhildur Gísladóttir**
**Fritz H. Berndsen** — **Ásta Kristjánsdóttir**
**Halldór Olgeirsson** — **Svava Magnúsdóttir**
**Guðrún Olgeirsdóttir** — **Jens Arnljótsson**
**Þórunn Olgeirsdóttir** — **Haraldur Pálsson**
**Smári Olgeirsson** — **Sigríður Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Jón Gauti Jónsson**
f. 29. desember 1945,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 4. ágúst sl. Útförin verður tilkynnt síðar.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**

**Hólmfríður Árnadóttir**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Jón Gauti Jónsson** — **Sigrún Magnúsdóttir**
**Sólveig Ásta Gautadóttir** — **Vignir Bjarnason**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sólveig Guðrún Jónasdóttir**
Holtagerði 3, Húsavík,

sem lést á Ahu Hetman-sjúkrahúsinu í Tyrklandi 21. júlí síðastliðinn verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn 7. ágúst kl 14.00.

**Hólmfríður Þorkelsdóttir** — **Guðmundur Jónssson**
**Regína Þorkelsdóttir** — **Aðalsteinn Gíslasson**
**Jónas Þorkelsson** — **Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**




Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is


Fjárhagsleg
heilsa
Betra líf
BYR
NÁMSMENN
Þú finnur sparisögur Palla á byr.is




## Fjárhagsleg heilsa er betra líf

Það er algengur misskilningur hjá þeim sem eru í lélegu formi fjárhagslega að sparnaður sé leiðinlegur. Hvað er leiðinlegt við það að líta fjárhagslega vel út? Með glansandi heilbrigt veski, fjármálin í kjörþyngd og rétta lúkkið, þökk sé vaxtaræktinni. Þá fyrst geturðu farið að tala um að líta vel út. Jafnframt lúkkar maður ekki aðeins betur. Manni líður einnig betur. Miklu betur.












# Hjálpi þeir sem hjálpa vilja



NOKKUR ORÐ
**Sunna Dís Másdóttir**

Því hefur löngum verið haldið fram að íslenskar konur séu bæði sjálfstæðar og sterkar, og jafnvel um of. Karlmenn kvarta yfir því að við getum aldrei þegið hjálp. Ég kannast eitthvað við þetta.

Ég þekki til dæmis mann sem opnar dyr fyrir mig. Ég geri yfirleitt annað af tvennu: snarstoppa og velti því fyrir mér af hverju hann standi svona eins og kjáni í dyragættinni, eða geng í gegn án þess að láta mér detta í hug að þakka fyrir, þar sem ég tek hreinlega ekki eftir því að hann sé að vera herramaður. Ég hef líka rogast með kommóður fram og til baka þangað til ég er orðin blá og þrútin í framan, þrátt fyrir að einhver líkamlega sterkari karlmaður standi auðum höndum við hlið mér og bjóði fram hjálp sína.



Gamanið kárnar síðan enn meira þegar kemur að peningum. Um daginn bauð fjölskyldumeðlimur mér lán að nánast ótakmarkaðri upphæð, sem ég mætti greiða til baka yfir eins mörg ár og mér hentaði, alfarið vaxtalaust. Hausinn á mér snerist í svo marga hringi að ég er enn ringluð - mér hafði aldrei dottið sá möguleiki í hug. Sá bara fyrir mér vinnu, yfirvinnu og aukavinnu þar til fjárráðin væru komin í lag. Ég er hins vegar að spá í að þiggja gott boð. Hvað er að því að leyfa fólki að hjálpa sér, svona endrum og sinnum? Við þurfum ekki alltaf að vera blá í framan af áreynslu.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



## > ABBA Á TOPPINN

Abbafárið sem kviknaði á ný eftir frumsýningu myndarinnar Mamma Mia! heldur áfram. Safnplatan Gold, sem inniheldur mörg helstu lög hljómsveitarinnar, er nú komin á topp metsölulistans í Bretlandi, heilum sextán árum eftir að hún kom fyrst út. Á hæla hennar fylgja svo Coldplay og Duffy.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jonas-bræðurnir vinsælir

Jonas-bræðurnir sópuðu að sér verðlaunum á Teen Choice-verðlaunahátíðinni sem fram fór í Los Angeles á sunnudag. Strákabandið er skipað bræðrunum Kevin, Joe og Nick og hefur notið mikilla vinsælda ytra síðustu mánuði. Bræðurnir fengu alls sex verðlaun á hátíðinni, meðal annars sem besta nýja hljómsveitin, besta karlkyns tískufyrirmyndin og besta ástarsönginn. Þeir hafa þegar sent frá sér plöturnar It's About Time og Jonas Brothers, og næsta plata þeirra, A Little Bit Longer, er væntanleg í mánuðinum.

Þáttaröðin Gossip Girl var eins hlutskörp á hátíðinni, þar sem unglingum gefst kostur á að kjósa um það besta sem tónlistar-, kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðurinn hefur fram að færa. Gossip Girl fékk sex verðlaun, þar á meðal sem besta drama-þáttaröðin og fyrir leik þeirra Blake Lively, Ed Westwick og Chace Crawford.

Kanadíska leikkonan Ellen Page var einnig verðlaunuð fyrir frammistöðu sína sem Juno í samnefndri mynd, tónlistarmaðurinn Chris Brown var valinn besti tónlistarmaðurinn, en Miley Cyrus, sem jafnframt var kynnir kvöldsins, besta tónlistarkonan.



**VINSÆLIR HJÁ UNGLINGUNUM** Jonas-bræðurnir Kevin, Joe og Nick sópuðu að sér verðlaunum á Teen Choice-hátíðinni um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Draggkeppnin er í kvöld

**Draggkeppni Íslands fer fram klukkan níu í kvöld í Óperunni. Keppendur eru átta að þessu sinni. Atli Freyr Arnarsson, Simon Cramer Larsen, Jón Ingi Hrafnsson og Magnús Jónsson keppa um draggdrottingartitilinn, auk Egils Þorkelssonar Wild sem keppir við systur sína, Agnesi Þorkelsdóttur Wild. Auk hennar slást Elín Björg Pétursdóttir og Vigdís Ásgeirsdóttir um að verða draggkóngur Íslands.**

**Í dómnefnd sitja Anna Rakel Róbertsdóttir, Lárus Ari Knútsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Sóley Ástudóttir og Hera Björk Þórhallsdóttir. Haffi Haff kynnir og skemmtir auk núverandi kóngs og drottningar. Íslenski sirkusinn sér um opnunaratriði. Húsið opnar klukkan 20 en miðasala hefst klukkan 14. Miðaverð er 2.400 krónur.** - kbs

# Solange fyrir Armani

Solange Knowles gengur allt í haginn þessa dagana. Hún er engin önnur en litla systir Beyoncé sjálfrar og virðist hafa svipaða frægðardrauma. Platan SoL-AngeL and the Hadley Street Dreams kemur út í lok ágúst og lagið I Decided hefur þegar vakið nokkra athygli. Nú hefur Solange svo skrifað undir samning við Armani Jeans um að verða einn talsmanna merkisins.



„Í Armani Jeans fær hugsjón mín um unglegan, sjálfstæðan, afslappaðan lífsstíl með sterkri og flottri tískuvitund að njóta sín. Solange er fullkominn holdgervingur þessa lífsstíls," segir Giorgio Armani um samstarfið.

# Skáldagyðjan Doherty

**Leikstjórinn Guy Ritchie hefur nú viðurkennt að persóna í nýjustu kvikmynd hans, RocknRolla, er byggð á eiturlyfjafíklinum og söngvaranum Pete Doherty.**

**„Þegar ég var að skrifa handritið að myndinni var Pete alls staðar. Allt þetta umtal sem hann hlaut á þessum tíma var annaðhvort mjög góð markaðssetning hjá Pete eða bara heppileg tilviljun," sagði Guy um skáldagyðju sína. Persónan sem er byggð á Doherty er rokkstjarna sem finnur sig í óþægilegri klemmu og felur sig í kjölfarið í dópgreni.**






## Sumarfríið hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldeyrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR
www.airport.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSÝNING KL. 10:15 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ

DOLBY DIGITAL MYND OG HLJÓÐ

MÚMÍAN

MIKE MYERS THE LOVE GURU

★★★★ Tommi - kvikmyndir.is ★★★★½ Ásgeir J - DV

THE DARK KNIGHT

WALL·E

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MÚMÍAN 3 - DIGITAL | kl. 4.30, 5.45, 8 og 10.15-P | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 3.50 og 6 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN

STÆRSTU OG BESTU ÆVINTÝRIN ERU EINFALDLEGA ÓDAUÐLEG!

MUMMY

STÆRSTA OPNUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR

★★★★½ TSK - 24 stundir ★★★★★ L.I.B.Topp5.is

46.000 manns á 14 dögum.

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FINDING NEMO OG RATATOUILLE

WALL·E

MIKE MYERS THE LOVE GURU

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA.

KUNG FU PANDA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 10:30D | 12 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 8:20 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| WANTED síðustu sýn. | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:50D - 8D - 10:30D | 12 |
| LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - ( 11:10 Powersýn.) | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA síð. sýn. | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| LOVE GURU | kl. 6 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!

BRENDAN FRASER

LÚXUS

THE MUMMY TOMB OF THE DRAGON EMPEROR 12

Frá mannfólkinu sem færði okkur „Finding Nemo“ og „Ratatouille“

WALL·E

„...meistaverk.“ – New York Magazine L

EIN BESTA MYND ALDARINNAR! EF ÞÚ SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!

T.S.K - 24 STUNDIR TOMMI - KVIKMYNDIR.IS

THE DARK KNIGHT 12

MIKE MYERS THE LOVE GURU 12

Ó.H.T. RÁS 2 L.I.B.,TOPP5.IS/FBL T.V, KVIKMYNDIR.IS

MAMMA MIA! L

V.J.V. TOPP5.IS/FBL

AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA!

HELLBOY II GOLDEN ARMY 12

SEX AND THE CITY 14

Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi!

V.J.V.-TOPP5.IS/FBL

MEET DAVE 7

HAGKAUP

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Á SPENNUTRYLLI Í USA!

"SVONA Á AÐ GERA HROLLVEKJUR!" - STEPHEN KING

LIV TYLER SCOTT SPEEDMAN the strangers

STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA 16

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE MUMMY 3 LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8D - 10.30D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




# Magadanssýning

Magadanshópur Kramhússins stendur fyrir magadanssýningu á Organ í kvöld. „Við erum búnar að fá draumakennarann okkar. Hann kom að máli við okkur á alþjóðlegri magadanshátíð í Stokkhólmi og sagði að hann vildi endilega koma til Íslands og kenna okkur. Okkur er búið að dreyma um hann síðan við byrjuðum að fara þarna fyrir svona fimm árum síðan,“ segir Margrét Erla Maack dansari. Sýningin er haldin til fjáröflunar vegna komu hans. „Síðan krónan fór í smá sumarleyfi er svolítið erfitt að láta litla dansstúdíóið standa undir þessum kostnaði.“ Danshópurinn samanstendur af tíu stelpum sem hafa æft magadans í tvö til átta ár.

Margrét lofar fjölbreyttri dagskrá. „Þetta verður ekki bara kona í brjóstahaldara að hrista á sér magann, heldur verða alls konar stílar.“ Eftir dagskrána býðst gestum að læra undirstöðuatriði í magadansi.

Kennarinn heitir Ahmed Fehkry. „Hann býr í Þýskalandi þar sem hann er með dansakademíu. Það verður hægt að sjá hann dansa með okkur á menningarnótt. Hann er samt ekki í brjóstahaldara og pilsi. Hann dansar þjóðdansa og er einn af fáum sem kann tanoura. Þetta er svolítið eins og Jimi Hendrix væri að koma til Íslands að kenna á gítar.“ Sýningin byrjar klukkan átta og kostar 1.000 krónur inn.

- kbs


**FÖNGULEGAR** Magadansmeyjar Kramhússins sýna í kvöld. MYND/MARGRÉT


**EKKI Í BRJÓSTAHALDARA** Ahmed Fehkry kennir stelpunum í haust. MYND/MARGRÉT

# Ali Lohan veldur áhyggjum

**Minna hefur farið fyrir Lohan-fjölskyldunni en oft áður síðustu mánuði, eftir að Lindsay dró sig í hlé með mögulegri kærustu sinni, Samönthu Ronson. Litla systir hennar, Ali Lohan, virðist hins vegar ætla að taka við.**

Hin fjórtán ára gamla Aliana Lohan var mikið í fréttum í síðustu viku, og þá ekki fyrir fagmannlega og prúða framkomu. Fjölmiðlar ytra velta því nú fyrir sér hvort hún ætli að feta í fótspor stóru systur sinnar á fleiri en einn hátt. Ali lýsti því yfir í viðtali við Teen Vogue að hún ætti sér þann draum æðstan að verða fræg eins og stóra systir, en svo virðist sem hún ætli einnig að búa til sinn skerf af skandölum.

Í síðustu viku sást Ali á ferli með móður sinni, hinni alræmdu Dinu Lohan, íklædd afar flegnum bol, með myndarlega brjóstaskoru og stífmáluð. Örfáum dögum síðar greindi E! Online frá því að mæðgurnar hefðu orðið til vandræða í frumsýningarpartýi myndarinnar Gallabuxnaklúbbnum (Sisterhood of the Traveling Pants) 2, eftir að þær voru beðnar að færa sig á milli borða – með þeim afleiðingum að þær strunsuðu út. Þá kom einnig í ljós að Ali hafði farið í áheyrnarprufu til leikstjórans Peter Davy, sem getur helst stært sig af því að hafa leikstýrt klámmyndum á borð við „Voodoo“ Lust og „Dreams In The Forbidden Zone“. Þó að Ali væri ekki að bera sig eftir slíku hlutverki þótti það ekki góðs viti.

Á vefsíðunni abcnews.com má nú lesa grein þar sem spekúlantar lýsa yfir áhyggjum af stefnu Aliönu. „Stórslys virðast vera leiðin að frægð og frama í þessari fjölskyldu,“ segir einn heimildarmaður blaðsins. „Ali er að feta í fótspor stóru systur sinnar,“ bætti hann við. Annar hefur áhyggjur af því hver þau fótspor eru. „Lindsay hefur fengið svo mikla athygli fyrir neikvæða hluti að það virðist rökrétt að Ali gæti reynt að gera eitthvað neikvætt líka,“ segir hann. Enn aðrir hafa áhyggjur af því að stöðug nærvera myndavéla í lífi Ali geti skaðað hana, en hún, ásamt móður sinni, er viðfangsefni raunveruleikaþáttanna „Living Lohan“, þar sem fylgst er með baráttu hennar við að koma sér á framfæri. Annað eins hefur áður verið gert, en þá var það Ashlee Simpson sem hleypti myndavélunum inn í líf sitt. Spekúlantar telja henni það hins vegar til tekna að hafa verið heilum sex árum eldri og því betur í stakk búin til að takast á við athyglina.

Hvað verður um Aliönu Lohan verður tíminn að leiða í ljós, en svo mikið er víst að myndavélarnar munu fylgjast náið með henni næstu vikur.


**Á RANGRI BRAUT** Fjölmiðlar ytra hafa áhyggjur af því að hin fjórtán ára gamla Aliana Lohan ætli sér að feta í fótspor stóru systur sinnar, og það fyrr en síðar.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt lag Palla á Gay Pride

„Þetta er mjög gott lag og eðlilegt framhald af plötunni hans sem kom út í fyrra,“ segir Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, um nýjasta lag Páls Óskars, Sama hvar þú ert, sem verður ópinbert lag hátíðarinnar í ár. „Hann hefur verið einn af bakhjörlum Hinsegin daga frá upphafi og er einn af þeim sem eru í framvarðasveitinni hjá okkur,“ segir Heimir Már um framlag Palla til hátíðarinnar.

Á síðasta ári hljómaði lag hans, International, ótt og títt á Hinsegin dögunum en núna er sem sagt röðin komin að Sama hvar þú ert, sem kemur út á nýrri safnplötu Palla í haust. Lagið kom reyndar fyrst út á plötunni Stuð árið 1993 en hefur nú verið sett í nýjan og ferskari búning.

Undanfarin ár hefur lagið Ég er eins og ég er í flutningi Hafsteins Þórólfssonar verið eins konar þjóðsöngur Hinsegin daga og mun það vafalítið hljóma víða á næstu dögum rétt eins og lag Palla.

Hinsegin dagar, sem er orðin fimm daga hátíð, hefst í dag með sögugöngu Baldurs Þórhallssonar frá Ingólfstorgi. Eftir það tekur Hvít-Rússinn Svjatoslav Sementsov við með fyrirlestur um stöðu samkynhneigðra í heimalandi sínu. „Það eru bæði stjórnvöld og aðrir sem hæða og níða samkynhneigða í Hvíta-Rússlandi og þetta er því ólíkt því sem við eigum að venjast,“ segir Heimir sem hvetur fólk til að láta sjá sig. Opnunarhátíð Hinsegin daga hefst síðan með pomp og prakt í Háskólabíói á morgun.

- fb


**PÁLL ÓSKAR** Heimir Már er mjög sáttur við nýjasta lag Páls Óskars Hjálmtýssonar.

# TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

## Panasonic




Vreal VIERA LINK

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 94.990




Vreal² VIERA LINK

**Panasonic TH42PV70F**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 p.uppl., V-Real 2 Engine, Advanced 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive, 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




Vreal² Full HD 1080p VIERA LINK

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

## JVC




DynaPiX

**JVC LT37DA8**
37" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 6ms svartíma, Digital Comb Filter, Iinnb. DVB-T mótt., 12w RMS MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt.,VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




DynaPiX

**JVC LT32A90**
32" DynaPix Plus LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 6.000:1 skerpu, 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, Textavarp ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




3D Cinema Sound DynaPiX

**JVC LT42DA8ZU**
42" DynaPix og D.I.S.T. LCD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 1.000:1 skerpu, fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), innb. DVB-T móttakara, 20w RMS Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# TÖLVUT

## Eitt mesta úrval lan




### A300 11T
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna örgjörva, vefmyndavél, stórum harðdisk og þráðlausu neti.

- AMD Dual Core 1.9GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI X1250 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**79.900**

VE36 3.250 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI




### A300 15J
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna Intel örgjörva og öflugu ATI HD3470 skjákorti í leikina.

- Intel Core 2 Duo T5550 1.83GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 200GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**114.900**

VE36 4.550 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI




### MB89
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Glæsileg Limited Edition fartölva frá Packard Bell í tindrandi perluhvítum lit með sjónvarpskorti og MCE fjarstýringu ásamt 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti.

- Intel Core 2 Duo T8100 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**149.900**

VE36 5.850 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI




### MX37
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Packard Bell fartölva með lyklaborði í fullri stærð með sjálfstæðu talnaborði, kortalesara og 54Mbps þráðlausu netii

- Intel Core 2 Duo T2410 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB Advanced M672 skjást.
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**99.900**

VE36 3.995 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI

## TÖSKUR OG BAKPOKAR Í MIKLU ÚRVALI



### WTS DVS3 7-10" Taska
Frábær taska frá Case Logic sem hægt er að festa aftan á höfuðpúða í bíl og taka með sér í fríið

**3.990**



### Samsonite New Jack
Glæsilegur 15" fartölvu-bakpoki hlaðinn auka hólfum fóðruð höld og bak. Hvergi á betra verði!

**4.990**



### Samsonite 17" Rafter
Einn flottasti fartölvu-bakpokinn í dag fyrir 15" og 17" fartölvur. Hlaðinn hólfum og möguleikum

**7.990**



### Belkin 15" Sleeve
Glæsilegt mjúkt skinn frá Belkin svart og rautt á lit. Smellpassar utan um allar 15" fartölvur

**2.990**



### Belkin 15" hliðartaska
Belkin NE-07 fyrir 15" far-tölvur er ótrúlega fjölhæf hliðartaska, regnvarin, með fjölda hólfa og fislétt

**6.990**



### Belkin 17" hliðartaska
Belkin NE-07 fyrir 17" far-tölvur er ótrúlega fjölhæf hliðartaska, regnvarin, með fjölda hólfa og fislétt

**7.990**


TILBOÐ
ndsins af fartölvum
ASPIRE ONE
• Intel Atom N270 1.6GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 8GB SolidState diskur
• 8.9" WideScreen skjár
• 54MBPS Þráðlaust net
• Fislétt aðeins 0.95KG
38.900
acer 5315
ASPIRE
• Intel Celeron M560 2.13GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 80GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• 0.3MP vefmyndavél
• Hvergi á betra verði!
57.900
EXTENSA
• Intel Core 2 Duo T2370
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 120GB 5400RPM diskur
• DVD Super Multi skrifari
• 15.4" WideScreen skjár
• Hvergi á betra verði!
69.900
FRÍTT
VIÐ SENDUM ALLAR FARTÖLVUR FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

## >Leikið í Landsbankadeild karla í kvöld

Fjórir leikir fara fram í 14. umferð Landsbankadeildar karla í kvöld. Topplið FH fær Þrótt í heimsókn en liðin skildu jöfn í fyrri leik liðanna. Breiðablik og KR mætast í stórleik á Kópavogsvelli en Blikarnir unnu fyrri leik liðanna á KR-vellinum. Botnbaráttuliðin HK og ÍA verða bæði í eldlínunni, en HK mætir Keflavík á Sparisjóðsvellinum í Keflavík og ÍA heimsækir Fram á Laugardalsvöllinn. Nýju þjálfararnir, Rúnar Páll Sigmundsson hjá HK og Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hjá ÍA, eru enn að leita að fyrstu sigrum sínum í Landsbankadeildinni síðan þeir tóku við liðunum í síðasta mánuði. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON:** BÚINN AÐ KOMA SÉR FYRIR Í BJÖRGVIN OG LÉK SINN FYRSTA LEIK MEÐ BRANN Á DÖGUNUM

# *Jákvætt hvað það er mikil samkeppni hjá Brann*

Landsliðsmaðurinn Birkir Már Sævarsson er farinn að láta til sín taka hjá Noregsmeisturum Brann eftir að hafa gengið í raðir félagsins frá Íslandsmeisturum Vals í síðasta mánuði. Birkir Már lék á dögunum allan leikinn með Brann gegn HamKam í norsku úrvalsdeildinni og þótti standa sig vel.

„Það var alveg frábært að fá þetta tækifæri og eitthvað sem maður var búinn að bíða eftir þessar tvær vikur sem ég er búinn að vera í Björgvin. Mér gekk líka vel og gat svona heilt yfir verið sáttur með frammistöðu mína í leiknum, þó svo að það sé vissulega alltaf eitthvað sem má bæta,“ sagði Birkir Már.

Það er stórt stökk að fara frá því að vera áhugamaður á Íslandi og skrifa undir atvinnumannasamning erlendis en Birkir Már fagnar áskoruninni.

„Það er ekki bara stórt stökk að vera að fara úr íslensku deildinni í þá norsku, heldur er það líka krefjandi verkefni að fara frá liði



þar sem maður var búinn að vera byrjunarliðsmaður í langan tíma í það að þurfa að sanna sig að nýju. Brann er með alla vega þrjá aðra leikmenn sem geta spilað í hægri bakverðinum og það er því mikil og góð samkeppni hjá liðinu og það er mjög jákvætt. Það ýtir manni bara til þess að leggja enn meira á sig og taka framförum. Fyrirgjafir eru til að mynda stór hluti af mínum leik og ég veit ég þarf að bæta mig á því sviði og það er bara gaman að vinna á fullu í því,“ sagði Birkir Már.

Birkir Már hefur notið góðs af því að Björgvin er hálfgerð Íslendinganýlenda og Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Smári Björnsson og Gylfi Einarsson leika allir með Brann.

„Það er búið að hjálpa mér mikið að aðrir íslenskir leikmenn séu fyrir hjá Brann og þeir eru búnir að reynast mér vel. Það er auðvitað hellingur af hlutum sem þarf að hafa á hreinu þegar menn flytja sig um sess. Ég er sem betur fer búinn að finna húsnæði og fjölskyldan er komin út þannig að við getum nú loksins farið að eiga heima hérna í Björgvin,“ sagði Birkir Már.



**MIKIL GÆSLA** Þúsundir lögreglumanna og hermanna eru um alla Peking til að tryggja að allt fari fram með ró og spekt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kínverjar sannfærðir:

## Allir óhultir á leikunum í Kína

**ÓL 2008** Kínversk stjórnvöld segjast sannfærð um að bæði íþróttamenn og áhorfendur verði óhult á Ólympíuleikunum í Peking sem hefjast á föstudag. Sextán lögreglumenn létu lífið í sprenginu í Xinjiang héraði í Kína á mánudag.

Þrátt fyrir að það sé langt frá Peking eru skipuleggjendur leikanna órólegir yfir tímasetningunni á árásinni en eru fullviss að allt verði með kyrrum kjörum á leikunum sjálfum.

„Kína hefur einbeitt sér að því að auka öryggisgæslu í kringum Ólympíuþorpið og leikvangana sem keppt verður í. Peking er tilbúin til að bregðast við hótunum og hvers kyns árásum,“ sagði Sun Weide talsmaður leikanna við BBC. 100 þúsund lögreglumenn og hermenn standa vaktina í kringum setningarathöfnina á föstudag. **- hþh**

# Tók aftur á spjótinu í febrúar

**Ásdís Hjálmsdóttir vissi ekki hvort hún gæti kastað spjóti aftur þegar hún fór í aðgerð á kasthendinni í nóvember. Ásdís gerði gott betur en það með því að margbæta Íslandsmetið, tryggja sig inn á Ólympíuleika og verða aðeins 20 sentímetrum frá að kasta nýja spjótinu yfir sextíu metra fyrst íslenskra kvenna.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**TILHLÖKKUN** Ásdís er orðin spennt fyrir leikunum í Peking og ætlar að gera sitt besta þar en telur að þetta verði ekki síðustu Ólympíuleikar sem hún tekur þátt í.

**FRJÁLSAR** Hápunktur íþróttamanna á Íslandi sem og annars staðar er að taka þátt í Ólympíuleikum en það þarf margt að ganga upp til þess að ná því enda leikarnir aðeins á fjögurra ára fresti og reglur um lágmarksárangur strangar. Þegar spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir lá á skurðarborðinu fyrir rúmum átta mánuðum þá gátu fáir séð það fyrir að hún yrði búin að margbæta Íslandsmetið og búin að ná Ólympíulágmarki aðeins hálfu ári síðar. Ásdís glímdi við erfið meiðsli á kasthendinni sem eyðulögðu allt síðasta ár fyrir henni og reyndust læknum þrautin þyngri.

„Þetta er búið að vera frábært ár en það byrjaði ekki vel því ég fór í aðgerð í nóvember og eftir hana vissi ég ekki við hverju ég átti að búast. Ég vissi ekki hvort ég gæti kastað yfirhöfuð og ef að ég gæti kastað þá hafði ég enga hugmynd um hvað ég gæti kastað langt,“ segir Ásdís sem setti nýtt Íslandsmet í Finnlandi í júlí.

### Erfið meiðsli

Meiðsli Ásdísar voru á mjög erfiðum stað fyrir spjótkastara.

„Þegar ég var að kasta á æfingu í fyrra þá koma rifa í sin sem liggur frá vitlausa beininu fram í vöðva í framhandlegg. Það greri aldrei saman aftur og fór síðan að kalka inni í sininni, en því fylgdi gríðarlegur sársauki þegar ég var að kasta. Það uppgötvaðist ekki fyrr en í haust hvað þetta væri nákvæmlega því við héldum bara að þetta væru einhverjar bólgur,“ segir Ásdís og í raun kom það ekki í ljós fyrr en á skurðarborðinu.

„Læknarnir vissu ekki hvað var að þegar þeir opnuðu mig. Þeir giskuðu á að það væri eitthvað í þessarri sin. Þeir opnuðu mig og þá sáu þeir hvað var að en það hafði ekki sést á neinum myndum. Þeir þurftu að skera þennan kalkblett í burtu sem var inni í miðri sininni og sauma svo sinina saman. Þeir skáru síðan sinina frá beininu til þess að láta hana gróa betur. Við vissum ekkert hvernig þetta myndi gróa saman og hvort að þetta myndi halda þegar ég væri byrjuð að kasta. Við vissum ekkert hvað myndi gerast,“ segir Ásdís.

Aðgerðin var í byrjun nóvember og hún mátti ekkert byrja að kasta fyrr en í byrjun febrúar eða þremur mánuðum eftir aðgerð.

„Þá var ég rétt byrjuð að halda á spjótinu. Þetta var því mjög stutt undirbúningstímabil. Ég átti mjög mikið inni í fyrra og ég held að hluti af þessari bætingu sé það sem ég átti inni í fyrra. Ég hefði kastað þetta í fyrra ef að ég hefði getað keppt,“ segir Ásdís en hún var ekki alveg hólpin.

### Vissi að ég gæti þetta

„Ég vissi að ef ég myndi getað kastað þá myndi ég ná þessu. Þetta gekk rosalega vel fyrst, allur verkur var farinn og ég var byrjuð að kasta aftur. Svo lenti ég í því í æfingabúðum um páskana, þegar ég fór að kasta í fyrsta sinn með fullri atrennu, að fá verk í hendina en þá hafa einhverjir samgróningar verið að rifna í sundur. Þetta var eitthvað sem þurfti að gerast en þá var ég aum á eftir og ég hélt því fyrst að þetta væri bara farið aftur og var mjög óróleg yfir þessu. Við tókum þá upp endurhæfingaræfingar aftur og ég var í fríi frá því að kasta í heilan mánuð. Ég er því ekki einu sinni búin að fá fullt undirbúningstímabil síðan í febrúar,“ segir Ásdís.

Þótt það væri mikið undir á þessum stutta tíma sem Ásdís hafði til þess að ná Ólympíulágmarkinu þá sýndi hún skynsemi og þolinmæði við að koma sér aftur af stað.

„Ég hugsaði þetta þannig að ég yrði bara að gefa þessu tíma. Ég ætlaði ekki að láta þetta verða krónískt og ég ætlaði ekki að vera rífa þetta upp aftur og aftur því þá myndi ég geta eyðilagt ferilinn. Ég hugsaði þetta þannig að restin af ferlinum væri meira virði en þessir einu Ólympíuleikar. Ef ég yrði ekki tilbúin á réttum tíma þá yrði bara að hafa það en ég ætlaði ekki að eyðileggja mig til þess að reyna að vera tilbúin á réttum tíma,“ segir Ásdís sem neitar því þó ekki að þessi barátta hafi tekið mikið á.

„Á síðustu þremur árum er ég búin að lenda tvisvar sinnum í stórum meiðslum sem í bæði skiptin hefðu getað endað ferilinn. Þetta tekur rosalega á,“ viðurkennir Ásdís.

### Tilhlökkun fyrir Peking

Ásdís er orðin spennt fyrir leikunum í Peking en hún keppir á ellefta degi leikanna.



„Ég er að fara þarna til þess að gera mitt besta en ég veit að þetta er rosalega upplifun og það er svolítið það sem þetta snýst um. Ég vona að þetta verði ekki einu Ólympíuleikarnir mínir en ég hef verið spurð svolítið að því hvað ég ætla að gera í haust fyrst að ég er komin á Ólympíuleikanna. Það eru allir að tala eins og ég sé að hætta en ég er bara 22 ára gömul og finnst það fullsnemmt að fara að huga að því. Mér finnst ekki eins og ég sé búin að ná takmarkinu og nú sé þetta búið. Þetta er bara upphafið en ekki endirinn,“ segir Ásdís.

**ooj@frettabladid.is**


## Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði

Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði verður haldinn 27. ágúst á Hilton Nordica Hótel, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 17.00.

Sparisjóðsstjórn

BYR SPARISJÓÐUR



**ÁRMANN** Tryggði Brann áfram eftir að hafa komið inn á sem varamaður.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Brann mætir Marseille:

# Ármann Smári hetja Brann

**FÓTBOLTI** Ármann Smári Björnsson var hetja Brann sem komst áfram í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Norska liðið mætir franska liðinu Marseille í þriðju umferð en það lið sem vinnur kemst áfram í sjálfa riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Ármann kom inn á sem varamaður í hálfleik og skoraði fimm mínútum síðar markið sem tryggði Brann áfram á útivallarmarki. Liðið vann fyrri leikinn 1-0 en tvö mörk í fyrri hálfleik hjá lettneska liðinu Ventspils settu Brann í slæm mál.

Ólafur Örn Bjarnason lék allan leikinn með Brann en Gylfi Einarsson var ónotaður varamaður. Birkir Már Sævarsson verður ekki löglegur með Brann í Evrópukeppni fyrr en í næstu umferð og Kristján Örn Sigurðsson ferðaðist ekki með liðinu til Lettlands. Hann varð eftir í Noregi þar sem kona hans á von á barni. - hþh

Norðurlandamótið í körfu:

# Ísland mætir Svíum í dag

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er komið ásamt fríðu föruneyti til Gentofte í Danmörku þar sem Norðurlandamótið fer fram. Liðið hvíldi fyrsta keppnisdaginn sem var í gær en hefur leik í kvöld gegn Svíum.

Liðið leikur fjóra leiki í röð, gegn Noregi á fimmtudag, Finnum á föstudag og loks gegn Dönum á laugardag.

Þetta er í fimmta sinn sem Ísland tekur þátt á Norðurlandamóti en aðeins einu sinni hefur liðið ekki endað í neðsta sæti. Það var á síðasta móti, árið 2004, þegar liðið varð í fjórða sæti. - hþh



**GÓÐ HEIMSÓKN** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff heilsuðu upp á keppendur á landsmótinu.

Unglingalandsmót UMFÍ:

# Tólf þúsund á landsmótinu

**LANDSMÓT** Tólf þúsund manns voru viðstaddir lokaathöfn ellefta unglingalandsmóts UMFÍ sem fór fram í Þorlákshöfn um síðustu helgi. Keppendur eru á bilinu 11-18 ára og samkvæmt upplýsingum féllu nokkur mótsmet en keppt er í fjölmörgum íþróttagreinum, meðal annars í fótbolta, körfubolta og frjálsum íþróttum. Mótið þótti takast afar vel en á næsta ári verður mótið á Grundarfirði. - hþh

Öll liðin í Landsbankadeild karla nema toppið FH styrktu sig í félagaskiptaglugganum í júlí:

# FH missti þrjá menn en fékk engan

**FÓTBOLTI** Félagaskiptaglugginn á Íslandi var opinn í tvær vikur í júlí. Ellefu af tólf félögum nýttu sér það og nældu sér í liðsstyrk fyrir síðasta sprettinn í Landsbankadeild karla. Eina liðið sem ákvað að fá ekki til sín neinn leikmann var toppliðið, FH.

Auk þess missti FH frá sér þrjá leikmenn, Heimi Snæ Guðmundsson sem fór í Fjölni og tvíburana Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni sem komnir eru til ÍA. Heimir kom aðeins við sögu í tveimur leikjum FH, Arnar spilaði alla tólf leikina áður en hann fór og skoraði fjögur mörk og Bjarki fimm leiki.

„Ég hef engar áhyggjur af þessu," segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. „Ég mat það svo að ég treysti leikmannahópnum sem ég er með fullkomlega til að klára þetta mót," sagði Heimir sem sagði einnig að það hefði komið til greina að fá til sín erlendan leikmann.

„Við skoðuðum markaðinn og vorum að hugsa um að fá til okkar einn leikmann en það var enginn sem okkur leist nógu vel á. Ef maður ætlar að styrkja lið með erlendum leikmanni verður hann að vera betri en þeir íslensku leikmenn sem eru fyrir. Það gekk ekki og því fengum við engan til okkar," sagði þjálfarinn.

„Það er fullt af efnilegum leikmönnum í FH. Þeir fá bara tækifæri til að standa sig," bætti hann við.

Botnlið HK fékk til sín flesta leikmenn ásamt Grindavík, þrjá talsins. HK ætlaði raunar að bæta við sig þeim fjórða en hann fékk ekki atvinnuleyfi á Íslandi. HK fékk einn erlendan leikmann, Ólaf Júlíusson aftur frá Ými og Sinisa Kekic.

Grindavík fékk tvo erlenda leikmenn, Aljosa Gluhovic frá Hetti, Gilles Ondo og Grétar Ólaf Hjartarson frá KR. Þeir tveir síðastnefndu hafa þegar skorað fyrir Suðurnesjaliðið.

Íslandsmeistarar Vals fengu einn leikmann, Henrik Eggerts. Hann kom frá Fram og er einnig búinn að skora. Valur missti aftur á móti tvo sterka byrjunarliðsmenn, þá Birki Má Sævarsson og Pálma Rafn Pálmason.

Stærstu félagaskiptin voru þó án vafa þegar Bjarni Guðjónsson gekk í raðir KR frá ÍA. Hann var einn af fáum leikmönnum sem þurfti að kaupa frá öðru félagi. - hþh

**FENGU LEIKHEIMILD:**

**BREIÐABLIK:** Hörður Bjarnason (Vík. R.)
**FH:** Enginn
**FJÖLNIR:** Heimir S. Guðmundsson (FH)
**FRAM:** Almarr Ormarsson (KA) og Viðar Guðjónsson (Fylki)
**FYLKIR:** Ingimundur N. Óskarss. (KR)
**GRINDAVÍK:** Aljosa Gluhovic (Hettur), Gilles Mbang Ondo (erlendis) og Grétar Ólafur Hjartarsson (KR).
**HK:** Erdzan Beciri (erlendis), Ólafur Júlíusson (Ými) og Sinisa Kekic.
**ÍA:** Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir (FH)
**KEFLAVÍK:** Jóhann B. Guðmundsson (erlendis) og Magnús Þormar (Grindavík).
**KR:** Bjarni Guðjónsson (ÍA) og Guðmundur Atli Steinþórs. (Fjarðabyggð).
**VALUR:** Henrik Eggerts (Fram).
**ÞRÓTTUR:** Jesper Sneholm (erlendis) og Ólafur Þór Gunnarsson (ÍR).



FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

**AFTUR Á SKAGANN** Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir sjást hér stýra æfingu hjá ÍA í sumar eftir að hafa tekið við liðinu af Guðjóni Þórðarsyni. Þeir voru áður hjá FH sem missti þar tvo leikmenn en ÍA styrkti sig þar aftur á móti.




> **Sara Rue**

„Það fór í taugarnar á mér þegar talað var um nauðsyn þess að þéttvaxnar leikkonur eins og ég væru sýnilegar. Núna fer í taugarnar á mér þegar talað er um að ég sé of grönn. Það virðist enginn hafa áhuga á því að ég sé heilbrigð en það ætti að skipta öllu máli.“ Rue leikur í þættinum Less Than Perfect“ sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON REYNIR AÐ HEYRA ORÐASKIL

# *Umferðarþungi í viðtali*

Á mánudagskvöldið var viðtalsþáttur á Gufunni þar sem Árni Þórarinsson rithöfundur gerði nokkra grein fyrir höfundarverki sínu. Þátturinn var hluti af massífri herferð leiklistardeildar Ríkisútvarpsins - eða Útvarpsleikhússins til að kynna Dauða trúðsins, framhaldsleikrit sem er á dagskrá alla virka daga út mánuðinn sem reyndar hóf göngu sína í gær. Í FM-útsendingu Gufunnar á viðtali Árna var mikill dynur af umferðarþunga í öllum samtalsbútum við Árna, svo mikill dynur að erfitt var að greina hvað Árni hafði að segja nema beina hlustum sínum sérstaklega að tækinu og skrúfa upp í hljóði. Umsjónarmaður þáttarins hefur líklega haldið að sá atmos færi vel, grunnhygginn að hin fullkomnu upptökutæki skiluðu hljóðinu alla leið. Sem var ekki. Reyndar er deyfð upptökumanna í slíkum viðtölum utanhúss landlægur galli á íslenskum útvarps og sjónvarpsstöðum. Eins og umhverfishljóð geta verið lífgandi fyrir viðtöl er aldrei óhætt að taka þau við þungar umferðaræðar. Þetta mættu starfsmenn skoða.

Að öðru leyti var þátturinn vel unninn og afar skilmerkileg lýsing Árna á þróun sagnagerðar hans sjálfs, gagnrýnin og hrokalítil skoðun laus við sjálfsupphafningu og alla stæla, sem því miður eru svo oft í fyrirrúmi hjá íslenskum höfundum. Það er einhver þungur niður í hausnum á þeim sem meinar mönnum að tala um verk sín umbúðalaust og greina þróun þeirra.

Nú er bara að fylgjast með framhaldslífi Dauða trúðsins af bók í hljóð á Gufunni næstu vikur.



**SAKAMÁL** Glæpur að kæfa höfund í umferðarþunga

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** **Breiðablik - KR Beint**
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** **Afríka heillar (Wild at Heart)**
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** **What I like about You**
SKJÁREINN



▶ **20.30** **Special Unit**
2 STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40** **Marco Polo, seinni hluti**
STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin** Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir og Fínni kostur.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.00 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (1:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Aðalhlutverk: Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson og Luke Ward-Wilkinson.
**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (1:15) Bandarísk gamanþáttaröð um geðlækni sem þjáist af minnisleysi. Aðalhlutverk: Christina Applegate, Jean Smart, Jennifer Esposito og Kevin Dunn.
**21.15 Heimkoman** (October Road) (6:6) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana. Aðalhlutverk: Brad William Henke, Bryan Greenberg, Evan Jones og Laura Prepon.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sumarið '67** (Summer of Love) (2:4) Þýskur heimildamyndaflokkur um sumarið '67 þegar þúsundir ungmenna flykktust til San Francisco og gengu til liðs við hippahreyfinguna.
**23.20 Kastljós** (e)
**23.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Perez Family**
**10.00 Les triplettes de Belleville**
**12.00 Night at the Museum**
**14.00 Steel Magnolias**
**16.00 The Perez Family**
**18.00 Les triplettes de Belleville**
**20.00 Night at the Museum** Ævintýra- og gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Ben Stiller í aðalhlutverki.
**22.00 The Notorious Bettie Page**
**00.00 Missing**
**02.00 The Badge**
**04.00 The Notorious Bettie Page**
**06.00 The Da Vinci Code**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Sisters** (4:24)
**11.15 Logi í beinni**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters** (1:28)
**13.55 Grey's Anatomy** (29:36)
**14.40 How I Met Your Mother** (3:22)
**15.05 Friends** (7:24)
**15.30 Friends** (8:24)
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tommi og Jenni**
**17.08 Ruff's Patch**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (3:25)
**19.55 Friends** (22:23)
**20.15 Newlywed, Nearly Dead** (2:13)
▶**20.40 Marco Polo** Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Ævintýramaðurinn og landkönnuðurinn Marco Polo ferðast til austurheims þar sem hann kynnist Kublai Khan. Marco Polo samþykkir að ganga í þjónustu hans og eyðir þar 20 árum ævi sinnar.
**22.10 Ghost Whisperer** (38:44)
**22.55 Oprah**
**23.40 Grey's Anatomy** (30:36)
**00.25 The Tudors** (1:10)
**01.20 Women's Murder Club** (7:13)
**02.05 Moonlight** (11:16)
**02.45 Crossing Jordan** (6:21)
**03.30 The Closer** (2:15)
**04.15 Hybercube. Cube 2**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.55 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
**17.25 PGA Tour 2008 - Wyndham Championship** Farið yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.20 F1. Við endamarkið** Fjallað um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
▶**19.00 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - KR Bein útsending frá leik Breiðabliks og KR í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
**21.10 Football Rivalries - Ajax V Feyenoord** Í þessum þætti er fjallað um ríg hinna ýmsu liða í heiminum bæði innan vallar sem utan.
**22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**23.00 Players Championship (#27)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.50 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - KR. Útsending frá leik Breiðabliks og KR í Landsbankadeild karla.

## SPORT 2

**18.00 Premier League World 2008/09.** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.30 Bestu leikirnir** Chelsea - Aston Villa.
**20.15 Goals of the Season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.10 PL Classic Matches** Leeds - Newcastle, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.40 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.20 Vörutorg**
**17.20 Style Her Famous** (e)
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Design Star** (e)
▶**20.10 What I Like About You** (5:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly bregður þegar hún kemst að því Henry er ekki hreinn sveinn lengur. Hún reynir að finna stúlkuna sem „spillti“ Henry en það sem hún finnur er ekki það sem hún bjóst við.
**20.35 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Aðalhlutverkin leika Sara Rue, Andrea Parker, Andy Dick, Eric Roberts og Patrick Warburton.
**21.00 Britain's Next Top Model** (5:12) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er meðal dómara en í þættinum í kvöld sér Huggy um myndatökuna og kennir stelpunum „módelboðorðin 10“.
**21.50 Sexual Healing** (3:9) Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með dr. Lauru Berman kynlífsfræðingi, hjálpa pörum sem komin eru í krísu. Þátttakendurnir kynnast dýpri og innilegri samskiptum en áður. Í hverjum þætti kynnumst við þremur pörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma "heimaverkefnin" sem þeim eru sett fyrir.
**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Eureka** (e)
**00.20 Da Vinci's Inquest**
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.10**
**Ghost Whisperer**

Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antíkbúð í smábænum sem hún býr í ásamt eiginmanni sínum. Hún á því erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Hvaða Samantha?**
**Sjónvarpið kl. 20.50**

Hvaða Samantha? er bandarísk gamanþáttaröð sem hefst í Sjónvarpinu í kvöld. Þættirnir segja frá Samönthu sem er ekið á og þegar hún vaknar úr rotinu man hún ekkert eftir vinum sínum eða foreldrum. Í framhaldi af því neyðist hún til að kynnast sjálfri sér og sínum nánustu upp á nýtt til að komast að því hver hún í rauninni er.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Viltu syngja minn söng?
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Bravó, bravó!
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Tímakorn
**21.10** Sólarglingur
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Saga Blue Note útgáfunnar
**23.30** Loftbelgur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (5:24)
**17.30 Special Unit 2** (10:19)
**18.15 Skins** (6:9)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (5:24) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
▶**20.30 Special Unit 2** (10:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Skins** (6:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Moonlight** (11:16) Rómantískur spennuþáttur með yfirnáttúrulega ívafi. Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.
**22.45 Twenty Four 3** (11:24)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst ...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Sigrún Daníelsdóttir, Katrín Hanna Guðmundsdóttir og Björk Vilheldmsdóttir.
**21.00 Ákveðin viðhorf** Umsjón: meistaranemar í blaða- og fréttamennsku við HÍ.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur Sigurður Erlingsson framkvæmdastjóri Velgengi.is.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Lille menneske **11.00** Et dejligt hundeliv **11.30** DR Explorer: Cuba - mellem vest og øst **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Kære Sebastian **15.50** Lisa **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret på DR1 **17.05** Hercule Poirot **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Sommerminder **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** En sag for Frost **21.20** Onsdags Lotto **21.25** Flair for mord **23.00** Seinfeld

## NRK 1

**8.50** Sommer-OL i Beijing: Fotball Japan - New Zealand, kvinner **11.00** Sommer-OL i Beijing: Portene mot Østen åpnes **11.30** Sommer-OL i Beijing: Fotball Norge-USA, kvinner **14.00** Smykketyven **15.30** Urter **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fiffi og blomsterbarna **16.10** Gnottene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Riksarkivet **17.55** Kaoskontroll **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Vikinglotto **19.45** House **20.25** Sommer-OL i Beijing: Portene mot Østen åpnes **20.45** Verdensarven **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Emily? **22.25** Atomspionasje: Vanunu og bomben **23.15** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**8.50** Sommar-OS i Peking **11.35** Sommar-OS i Peking **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Flyttlasset går **15.30** Fantastiska berättelser **16.00** Bella och Gustav **16.10** Goda råd **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lilla Melodifestivalen: Artisterna 2007 **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **18.30** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.30** Mördare okänd **21.10** Rapport **21.20** Sommartorpet **21.50** Sommartorpet **22.20** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige






# Goran Superform á 6 vikum

**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 17:30

*Nýtt á Íslandi*
Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

# Skráðu þig strax í síma 578-8200
# Námskeiðin byrja 11. ágúst!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

## GAMLA MYNDIN



*„Ég var alltaf að vinna þannig að ég var alltaf í æfingafötum. Svo átti ég bara eitt frumsýningardress. Ég er alltaf í nánast eins og úniformi þegar ég æfi. Ég fer úr mínum eigin fötum og fer í vinnugallann. Ég hef afskaplega lítinn áhuga á fötum. “*

Þórhildur Þorleifsdóttir leikkona og leikstjóri.

Myndin er tekin í janúar 1980.

# Gay-quiz á Grand Rokk

„Nei, það tók ekki langan tíma að semja spurningarnar. Keikó og Roxie eru gamlar í hettunni. Voru framarlega í röð íslenskra draggdrottninga á síðustu öld en mega nú muna sinn fífil fegurri. Báðar eru hins vegar fjölfróðar um hin og þessi málefni,“ segir draggdrottningin Roxie.

Í tilefni þess að Gay Pride er um helgina sjá draggdrottningar um spurningarnar í hinni sívinsælu spurningakeppni, eða „pöbbquizi“, Drekktu betur, sem ávallt er á dagskrá á Grand Rokk á föstudögum klukkan sex. „Ég treysti þeim algerlega til að semja spurningarnar. Roxie sérstaklega, enda er þar um að ræða innanbúðarmann á Grand Rokk,“ segir umsjónarmaður keppninnar, Gunnar Freyr Árnason. Um er að ræða 268. keppni, svo augljóst er að fyrirbærið er komið til ára sinna. Gunnar Freyr er fimmti umsjónarmaður hennar en áður hafa þeir Freyr Eyjólfsson, Jón Proppé, Davíð Þór Jónsson og Kristinn Kristjánsson haldið utan um keppnina.

Að þessu sinni er þema spurninga þrískipt: Abba/Mamma mia, Gay pride hérlendis og erlendis og þriðja þemað er stærðfræði. Roxie segir að þær Keikó séu nú með spurningarnar í þriðja skipti föstudag fyrir Gay Pride og efni spurninga hafi verið samkynhneigð í fortíð og nútíð, í fyrra var þemað dragg og klæðskipting. „Núna langaði okkur til að brjóta þetta aðeins upp og hafa þetta öðruvísi. Við erum að vonast til að keppnin fari í framlengingu því aukaspurningarnar fjalla um Shakespeare og Pele,“ segir Roxie.

- jbg



**DRAGGDROTTNINGIN KEIKÓ** Þema spurninga er Abba/Mamma mia, Gay pride hérlendis og stærðfræði – einhverra hluta vegna.



**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** ólæti, **8.** atvikast, **9.** tjara, **11.** í röð, **12.** eggjarauða, **14.** hroki, **16.** tímaeining, **17.** arinn, **18.** grús, **20.** frá, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plat, **3.** klaki, **4.** hjara, **5.** lærir, **7.** aðdragandi, **10.** sönghópur, **13.** skraf, **15.** illmenni, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** at, **8.** ske, **9.** bik, **11.** rs, **12.** blómi, **14.** dramb, **16.** ár, **17.** stó, **18.** möl, **20.** af, **21.** ugla.

**LÓÐRÉTT: 1.** gabb, **3.** ís, **4.** skrimta, **5.** les, **7.** tildrög, **10.** kór, **13.** mas, **15.** bófi, **16.** ámu, **19.** ll.

„...fyrst á visir.is“

vísir.is
...ég sá það á vísir.is



**ERIC CLAPTON ÍSLANDS** Friðrik Karlsson er kallaður Eric Clapton Íslands í viðtali við Los Angeles Times. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FRIÐRIK KARLSSON: Í SÍÐUVIÐTALI Í LOS ANGELES TIMES

# Friðrik Karlsson kallaður hinn íslenski Eric Clapton

Friðrik Karlsson gítarleikari var nýverið, ásamt nýaldartónlistargúrúinum Nicholas Gunn, í síðuviðtali í Los Angeles Times. Þar kemur meðal annars fram að Friðrik sé „Eric Clapton Íslands“ og að hann hafi notið fádæma velgengni fyrir nýaldartónlist sína.

„Það er verðugt viðfangsefni að skapa tónlist sem virkar ekki truflandi,“ segir Friðrik Karlsson gítarleikari í viðtali við blaðamann Los Angeles Times, Valla Herman, og bætir við: „Og eftir því sem betur tekst til, þeim mun minna tekur fólk eftir tónlistinni.“

Þetta gæti virst öfugsnúið en nú fjórða þessa mánaðar birtist athyglisvert viðtal við Friðrik Karlsson gítarleikara og Nicholas Gunn, eiganda útgáfufyrirtækisins Gemini Sun, sem gefur einkum út nýaldartónlist. Þessi tónlist nýtur einkum mikilla vinsælda á heilsuhælum, nuddstofum og þar sem jóga og innhverf íhugun er stunduð. Talsvert miklum mun stærri markaður en fólk almennt á Íslandi gerir sér grein fyrir. Í fyrstu er rætt við Gunn og velgengni hans tíunduð svo sem sú að hann sé margverðlaunaður flautuleikari og tískumódel. Og sagt frá því að tónlist Gemini Sun, sem stofnað var fyrir sex árum, hafi verið í 55 vikur samfleytt á topp 15 lista Billboard listans yfir nýaldartónlist.



**FRIÐRIK OG GUNN** Í athyglisverðu viðtali í Los Angeles Times ræða þeir meðal annars vandann við að koma á framfæri tónlist sem beinlínis gengur út á að láta ekki taka eftir sér.

Þá er vikið að okkar manni, Friðriki Karlssyni sem best er þekktur hér á landi sem gítarleikari Mezzoforte. Það er hins vegar látið liggja á milli hluta heldur sagt frá því að hann hafi nýverið skrifað undir dreifingarsamning við Gemini Sun. Hugleiðsluplötur hans, „Spiritual Fitness“ og „Magical Relaxation“, hafi verið meðal þeirra best seldu í 40 löndum en Friðrik sé „Eric Clapton Íslands“. Þá er það rakið að Friðrik hafi verið undirleikari listamanna á borð við Madonnu, José Carreras, Tom Jones og leikið sem „session“ gítarleikari í mörgum hljóðupptökum fyir Andrew Loyd Webber.

En þó Friðrik njóti viðurkenningar á heimsvísu segir blaðamaður Los Angeles Times Gunn eiga erfitt verkefni fyrir höndum að koma tónlistinni á framfæri. Og þeir félagar, Gunn og Friðrik, ræða við blaðamann um það hversu snúið það geti verið að koma á framfæri tónlist sem í eðli sínu lætur afskaplega lítið yfir sér og gengur beinlínis út á það að hrópa ekki á torgum úti um eigið ágæti. Tónlistin gangi út á slökun og þegar menn séu í nuddi þá sé líkt og tónlistin gangi inn í líkamann. Og svo þegar hún sé leikin aftur þá sé það ákveðin lausn.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sem áhugamaður um flug fór fréttahaukurinn **Óli Tynes** inn á flughermi á netinu þar sem hann sat við skrifborð sitt á fréttastofu Stöðvar 2. Þar var hlekkur sem vísaði á upplýsingar um samskipti flugmanna við flugturninn og Óli skoðaði það. Annar hlekkur var sem leiddi Óla inn á síðu þar sem farið var inn á samskipti flugmanna við flugfreyjur en þá skaust upp á skjáinn myndefni sem sýndi afar náin kynni þeirra. Í því verður **Telmu Tómasson** gengið hjá og sér öskópin á skjá Óla. Svo mikið varð henni um að hún taldi sér skylt að greina fréttastjóranum **Steingrími Sævarri Ólafssyni** frá því að þessi Óli væri nú ekki allur þar sem hann er séður og væri að nýta tölvukost fyrirtækisins í vafasömum tilgangi.



Á laugardagskvöldið eftir innsetninguna hélt **Ólafur Ragnar Grímsson** forseti Íslands sérstakt kvöldverðarboð á Bessastöðum. Voru óvenju fá fyrirmenni í boðinu úti á Álftanesi en þeim mun meira af óþekktum einstaklingum sem hafa verið sérstakir stuðningsmenn Ólafs Ragnars í gegnum tíðina. Þeirra á meðal harðir sjálfstæðismenn. En Ólafur Ragnar mun halda sérstaka skrá yfir helstu stuðningsmenn sína og hefur gert svo lengi.



**Ólafur F. Magnússon** upplifði erilsama viku fyrir verslunarmannahelgina. Hann var mikið í umræðunni og sótt að honum úr mörgum áttum. Einhverjir hefðu stungið hausnum í sandinn við slíkar aðstæður en Ólafur F. er ekki einn af þeim. Heldur sýndi hann þá staðfestu, sem 24 stundir blöstuðu í síðustu viku, og málaði bæinn rauðan á laugardagskvöldið. Sást honum bregða fyrir á 101 bar, B5 og Apótekinu. Hvort borgarstjórinn hafi tekið sporið fylgir ekki sögunni.



-jbg/shs

# Fagnar frelsi Barrys George

„Ég sá þetta, mér til mikillar gleði,“ segir Jakob Frímann Magnússon um sýknudóm Barrys George sem kveðinn var upp fyrir helgi. George hefur setið í fangelsi í átta ár fyrir morðið á sjónvarpskonunni Jill Dando sem framið var árið 1999. George var sakfelldur árið 2001 en málið var tekið upp síðastliðið haust og hefur George nú verið sýknaður og getur því um frjálst höfuð strokið. Jakob þekkir til Barrys George af kaffihúsi sem hann sótti ásamt fleiri Íslendingum sem búsettir voru í Lundúnum í kringum aldamótin. „Við hittumst þar jafnan og drukkum okkar morgunkaffi. Hann var hálfgerður vikapiltur þar. Eilítið þroskaheftur og seinfær. Hann lifði fyrir að hann væri fjarskyldur ættingi Freddys Mercury og sýndi hverjum sem var mynd af sér með Freddy,“ segir Jakob sem hefur alltaf trúað á sakleysi George.

„Ég var búinn að fullyrða þetta fyrir tveimur árum. Þá sagði ég að það væri ekki möguleiki að hann gæti framkvæmt þennan glæp. Hafði hvorki líkamlega né andlega burði til þess.“ Hann segir málið ljótan blett á bresku réttarfari. Ráðist hafi verið á lítilmagnann til þess að hylma yfir handvömm lögreglunnar í rannsókn málsins.

-shs



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** Fagnar frelsi Barrys George sem var vikapiltur á kaffihúsi sem hann sótti daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Office1 Superstore

## Tvær í einni !!!



SAMÞYKKT
Betri fyrir bakið

7.990 kr.





### Námsbækurnar og íþróttafötin í einni tösku

Skólataskan sem margir nemendur hafa heillast af: ein taska fyrir námsbækurnar, ein taska fyrir íþróttafötin eða ein taska fyrir bæði. Ólar og festingar eru á báðum töskunum, gerist varla þægilegra og er betri fyrir bakið.

Skólabæklingi Office1 verður dreift í næstu viku með Fréttablaðinu – úrvalið er í Office1



Allt fyrir skólann

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110 , Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egillsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Lyftistöng fyrir mannlífið*

Hin einkennilega borgarstjórn hefur nú getið af sér deilur þar sem ýmsir spekingar viðra miklar skoðanir á straumum og stefnum í arkitektúr í fortíð og framtíð. Sumir vilja absólút sjá nýja tillögu um Listaháskóla Íslands við Laugaveg verða óbreytta að veruleika. Telja að sérviskuleg hugmynd borgarstjóra um nítjándu aldar götumynd sé í besta falli rómantísk en í versta falli óígrunduð og eigi enga stoð í skynsemi eða raunveruleika. Dýrar lóðir þurfi auðvitað að nýta sem best og fermetrafjöldi bárujárnskofanna beri ekki þann arð sem þarf. Undirliggjandi er hugsanlega að ákvarðanir skammtímamannsins skuli eiga sér stuttan líftíma.

**AÐRIR** kunna ekki jafnvel að meta nútímalegt útlit fyrirhugaðs húss en vilja endilega finna lausn á málinu. Það hlýtur að vera hægt að mjatla þessu einhvern veginn, rífa minna, fela nýbygginguna bak við gömlu húsin eða eitthvað. Skoðanaskiptin snúast þannig mest um útlit byggingarinnar. Hvort hún eigi að falla inn í umhverfið sem fyrir er eða gefa tóninn fyrir framtíðina. Eiginlega gleymdist svolítið að ræða hvort yfirhöfuð er pláss á þessum stað fyrir heilan háskóla.

**VIÐ** skipulag lóðarinnar var mjög horft til þess fjörs sem sjálfur listaháskólinn myndi færa miðborginni. Aðalatriðið er að tilkoma skólans þarna niðri í bæ verði svo mikil viðbót við mannlífið, lyftistöng fyrir menninguna og gott ef ekki bara ný lífæð fyrir miðborgina. Fyrirfram alveg borðleggjandi. Engin spurningarmerki þar. En þótt skólinn hafi lengi verið staðsettur meðal annars í Skipholtinu og Laugarnesinu þá hefur iðandi mannlíf víða blómstrað betur en á þeim slóðum. Með fullri virðingu.

**ÞESSI** svarthvíta umræða rúmar varla skoðun um að ef til vill væri best að bakka aðeins með þetta allt saman. Þó ekki til að láta þessa ágætu stofnun Listaháskóla Íslands þjást lengur heldur þvert á móti til að hún eignist þann besta samastað sem hún á sannarlega skilið að fá. Hús sem fyllir út í svigrúm sitt í ýmsum skilningi er varla sú umgjörð sem hentugust er sköpunarvinnu sem umfram allt þarfnast svigrúms til að dafna. Jafnvel þótt það kunni í fljótu bragði að hljóma vel að staðsetja listaháskóla á miðjum Laugaveginum.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 6. ágúst, 220. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.52 | 13.34 | 22.13 |
| Akureyri | 4.22 | 13.18 | 22.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




## Sumir vilja aðeins
## ferðast á fyrsta farrými

Það getur verið erfitt að sætta sig við aðra bíla þegar maður hefur kynnst Avensis. Hugurinn leyfir helst ekkert annað en hið plássmikla og örugga rými sem Avensis státar af.

Þú veist ekki af hverju þú ert að missa.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Eða fáðu einhvern á Avensis til að taka þig í bíltúr :-)



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |